



Ársskýrsla

Landsbankans 2016

Landsbankinn styrkti stöðu sína sem stærsta fjármálafyrirtækið á Íslandi á árinu 2016. Bankinn veitir einstaklingum, fyrirtækjum og fjárfestum um allt land trausta og alhliða fjármálaþjónustu sem byggir á langtíma viðskiptasamböndum. Hagnaður Landsbankans á árinu 2016 nam 16,6 milljörðum króna eftir skatta, samanborið við 36,5 milljarða króna árið 2015 sem var besta rekstrarár í sögu bankans. Arðsemi eiginfjár eftir skatta á árinu 2016 var 6,6%.

Stærsta fjármálafyrirtækið á Íslandi

Landsbankinn leggur áherslu á að vera samherji viðskiptavina í fjármálum. Hann stundar ábyrga markaðssókn með það að markmiði að skapa gagnkvæman ávinning fyrir viðskiptavinum.

Einstaklingar í viðskiptum við Landsbankann	121.697
Fyrirtæki í viðskiptum við Landsbankann	12.923
Útibú og afgreiðslur í árslok 2016	37
Fjöldi hraðbanka / fjöldi afgreiðslustaða	75/63
Stöðugildi í árslok 2016	1.012

Útibúanet Landsbankans



Landsbankinn rekur víðtækasta útibúanet banka á Íslandi. Útibú og afgreiðslur bankans í árslok 2016 voru 37 talsins.

Grundvallaratriði í stefnu bankans til ársins 2020 er að hann verði til fyrirmyndar, traustur samherji í fjármálum og hreyfiafl í samfélaginu. Landsbankinn ætlar að skara fram úr í þjónustu og samskiptum við viðskiptavini.

Stjórn og skipulag

Góðir stjórnarhættir

Góðir stjórnarhættir Landsbankans leggja grunninn að traustum samskiptum hluthafa, bankaráðsmanna, stjórnenda, starfsmanna og annarra hagsmunaaðila og stuðla að hlutlægni, heilindum, gagnsæi og ábyrgð í stjórnun bankans.

Ávarp formanns bankaráðs Landsbankans

Rekstur Landsbankans gekk vel á árinu 2016. Aðstæður í efnahagslífinu voru góðar og viðskiptavinum bankans vegnaði flestum vel.

Frá ársbyrjun 2015 hefur starfsfólk bankans unnið ötullega að innleiðingu á metnaðarfullri stefnu bankans til ársins 2020. Landsbankinn hefur markvisst bætt þjónustu við viðskiptavinum og á sama tíma hafa mikilvæg skref verið stigin til að styrkja grunnrekstur bankans.

Frá árinu 2013 hefur bankinn greitt meirihluta hagnaðar fyrra árs til hluthafa en jafnframt gætt að því að viðhalda sterkri lausa- og eiginfjárstöðu. Landsbankinn greiddi hluthöfum sínum 28,5 milljarða króna í arð á árinu 2016. Á árunum 2013-2016 greiddi bankinn hluthöfum sínum alls um 82 milljarða króna í arð og þar af runnu rúmlega 98% til ríkissjóðs. Á aðalfundi Landsbankans 22. mars nk. mun bankaráð leggja til að bankinn greiði 13 milljarða króna í arð vegna afkomu ársins 2016. Verði sú tillaga samþykkt munu arðgreiðslur Landsbankans á árunum 2013-2017 samtals nema um 95 milljörðum króna. Ennfremur ætlar bankaráð að leggja fyrir aðalfundinn tillögu um greiðslu sérstaks arðs í september 2017.

Gæði útlánasafns bankans héldu áfram að aukast á árinu 2016.

Skipting eignarhalds á Landsbankanum hf.	
Nafn	Eignarhlutur
Ríkissjóður Íslands	98,20%
Landsbankinn hf.	1,47%
Aðrir hluthafar*	0,33%

*Árið 2013 fengu um 1.400 starfsmenn og fyrrum starfsmenn afhenta hluti í Landsbankanum í samræmi við samning um uppgjör LBI hf. og íslenska ríkisins. Við samruna Sparisjóðs Vestmannaeyja og Sparisjóðs Norðurlands eignuðust fyrrum stofnfjárhafar í sjóðunum hluti í bankanum.

Það er einkar ánægjulegt að í lok árs var vanskilahlutfall lægra en nokkru sinni frá stofnun bankans, eða 1,5%.

Í október 2016 hækkaði matsfyrirtækið Standard & Poor's lánshæfismat Landsbankans í BBB/A-2 með jákvæðum horfum. Batnandi kjör og góðar viðtökur á erlendum mörkuðum gerðu bankanum kleift að greiða niður skuld bankans við LBI ehf. um 61 milljarð króna á síðasta ári. Bankinn stefnir að því að greiða upp skuldina á árinu 2017.

Dómar Hæstaréttar í fjórum gengislánamálum setja nokkurn svip á afkomu bankans á árinu

2016. Afkoman var engu að síður viðunandi en Landsbankinn hagnaðist um 16,6 milljarða eftir skatta. Efnahagur bankans er afar traustur en eigið fé bankans í árslok var 251,2 milljarðar króna og eiginfjárhlutfallið 30,2%.


Í september tilkynnti bankaráð Landsbankans um endurkaupaáætlun hlutabréfa í samræmi við heimild aðalfundar. Bankinn keypti eigin bréf að andvirði 1.391 milljóna króna á tveimur endurkaupatímabilum. Þriðja og síðasta endurkaupatímabilið hefst 13. febrúar og lýkur 24. febrúar 2017. Í árslok 2016 voru hluthafar bankans 1.003.



Helga Björk Eiríksdóttir, formaður bankaráðs

Bankaráðið tók nokkrum breytingum á aðalfundi bankans í apríl á síðasta ári. Ég varð fyrsta konan til að stýra bankaráði Landsbankans þegar Tryggvi Pálsson lét af störfum sem formaður bankaráðs og hætti setu í bankaráði. Eva Sóley Guðbjörnsdóttir, Kristján Davíðsson, Jóhann Hjartarson og Jón Sigurðsson hættu þá einnig í bankaráði. Ég þakka þeim samstarfið og góð kynni. Nýir bankaráðsmenn eru Magnús Pétursson, Berglind Svavarsdóttir, Einar Þór Bjarnason, Hersir Sigurgeirsson og Jón Guðmann Pétursson. Í nóvember tilkynnti Ásbjörg Kristinsdóttir að hún segði af sér sem varamaður í bankaráði Landsbankans. Danielle Pamela Neben sat í bankaráði frá apríl 2013 en hefur nú látið af störfum. Er henni þakkað fyrir gott starf í þágu bankans.

Bankaráðið lítur björtum augum til framtíðar. Landsbankinn stendur vel og tækifærin eru til staðar. Vissulega er þörf á að bæta grunnrekstur bankans enn frekar og miklar áskoranir eru framundan, s.s. innleiðing á nýju regluverki um starfsemi bankans, harðnandi samkeppni innanlands sem utan, hraðfara tækniþróun og auknar kröfur viðskiptavina um fjölbreytta þjónustu.



Bankaráð lítur svo á að kafla endurskipulagningar í kjölfar fjármálahrunsins sé að mestu lokið. Bankaráð þakkar Steinþóri Pálssyni sem lét af störfum bankastjóra í lok nóvember sl. fyrir mikilvægt starf í þágu bankans frá miðju ári 2010 og óskar honum velfarnaðar í framtíðinni.

Hreiðar Bjarnason, framkvæmdastjóri Fjármála Landsbankans, hefur gegnt stöðu bankastjóra frá 30. nóvember. Lilja Björk Einarsdóttir mun hefja störf sem bankastjóri Landsbankans 15. mars nk. Hún hefur mikla reynslu og þekkingu á rekstri fjármálafyrirtækja. Bankaráðið treystir henni til að

stýra öflugum hópi starfsfólks Landsbankans til góðra verka til hagsbóta fyrir viðskiptavinum, hluthafa og samfélagið allt.

Landsbankinn er stærsti banki landsins, hvort sem litið er til fjölda viðskiptavina eða efnahagsreiknings. Hann gegnir því mikilvægu hlutverki í efnahagslífi landsins og vegna stærðar, eignarhalds og sögu bankans skipar hann sérstakan sess í hugum landsmanna. Stefna bankans er að vera til fyrirmyndar í starfi og að viðskiptavinir hans geti með sanni sagt: Svona á banki að vera.

Ávarp starfandi bankastjóra Landsbankans

Landsbankinn er sem fyrr stærsta fjármálafyrirtæki landsins og fjárhagsstaða bankans er afar sterk. Grunnrekstur Landsbankans gekk vel á árinu, hreinar vaxta- og þóknanatekjur jukust töluvert frá fyrra ári, en á sama tíma hefur rekstrarkostnaður bankans lækkað.

Markaðshlutdeild bankans á einstaklingsmarkaði hefur aldrei mælst hærri og staða bankans á fyrirtækjamarkaði og á fjármálamörkuðum er áfram sterk. Þá sýna mælingar að ánægja viðskiptavina bankans jókst umtalsvert á árinu sem er okkur afar mikilvægt, enda leggur bankinn mikla áherslu á að veita viðskiptavinum sínum um allt land fyrirmyndarþjónustu á samkeppnishæfum kjörum.

Standard & Poor's hækkaði láns hæfismat Landsbankans annað árið í röð, upp í BBB/A-2 og er matið áfram með jákvæðar horfur. Þetta er ánægjuleg viðurkenning á því frábæra starfi sem unnið hefur verið í bankanum mörg undanfarin ár.

Landsbankinn hefur lengi lagt áherslu á að rekstur bankans verði arðsamur þegar stórum og óvenjulegum liðum sleppir. Sú stefna hefur skilað árangri og bankinn mun halda áfram á sömu braut.

Landsbankinn stendur traustum fótum. Eigið fé bankans í árslok 2016 nam 251,2 milljörðum króna og eiginfjárlutfallið var 30,2%, langt umfram kröfur eftirlitsaðila. Þessi sterka staða hefur gert bankanum kleift að greiða út verulegan arð til hluthafa á undanförunum árum og útlit er fyrir að svo verði áfram.

Tækniþróun hefur haft mikil áhrif á bankaþjónustu og á næstu árum má búast við að breytingarnar verði enn meiri og örari.

Landsbankinn leggur sem fyrr mikla áherslu á framþróun í stafrænni tækni.

Undanfarin ár hafa netbankar einstaklinga og fyrirtækja, sem og farsímabanki Landsbankans, verið endurnýjaðir. Vel hefur tekist til og má nefna að farsímabankinn, l.is, var valinn besta vefappið af dómnefnd Íslensku vefverðlaunanna 2016, en áður hafði netbanki einstaklinga tvívegis verið útnefndur besta þjónustusvæðið. Þá var Umræðan, nýr vefur Landsbankans um samfélagsmál, efnahagsmál og fjármál, valin besta efnis- og fréttaveitan árið 2016.

Undanfarin misseri hefur mikill kraftur verið lagður í að innleiða nýtt innlána- og greiðslukerfi í



Hreiðar Bjarnason, starfandi bankastjóri

samvinnu við Reiknistofu banka-
anna. Nýja kerfið leysir af hólmi
heimasmíðuð grunnkerfi RB sem
sum eru yfir 40 ára gömul og
endurnýjun því tímabær. Þegar
þessu verkefni lýkur á árinu
2017 verður bankinn enn betur
í stakk búinn til að bjóða upp á
fjölbreyttar stafrænar lausnir í
bankaviðskiptum.


Það skiptir bankann og viðskipta-
vini hans miklu máli að Lands-
bankinn hafi aðgang að erlendum
fjármálamörkuðum. Erlend
skuldabréfaútgáfa bankans á
árinu 2016 heppnaðist afar vel.
Þar ber hæst útgáfa 500 milljóna
evra skuldabréfs í september sem
var á betri kjörum en höfðu staðið
íslenskum banka til boða um
langt skeið. Andvirði útgáfu-
unnar var einkum notað til að
fyrirframgreiða óhagkvæmari
fjármögnun. Í október hækkaði
Standard & Poor's láns-
hæfismat bankans upp í BBB.
Aðgangur Landsbankans að
erlendu lánsfjármagni er nú
greiðari en áður, sem meðal
annars opnar möguleika fyrir
bankann að auka hagkvæmni
í fjármagnsskipan sinni á
næstu misserum og árum.

Sem stærsta fjármálafyrir-
tæki landsins og fjölmennur

vinnustaður, hefur Landsbankinn
ríku samfélagslegu hlutverki að
gegna. Í stefnu bankans er lögð
áhersla á að samfélagsábyrgð sé
samofin allri starfsemi bankans.
Bankinn hefur sett sér skýra
stefnu um ábyrgar fjárfestingar
og í nóvember hóf Hagfræðideild
bankans að greina með skipu-
lögðum hætti starfsemi skráðra
félaga með tilliti til sjálfbærni
og samfélagsábyrgðar. Bankinn
hefur um árabil lagt ríka áherslu
á jafnréttimál. Því var afar
ánægjulegt og um leið mikilvægt
að bankinn hlaut í desember 2016
gullmerki Jafnlaunavottunar
PwC í annað sinn. Áður hlaut
bankinn gullmerkið árið 2015,
fyrstur íslenskra banka.

Í nóvember lét Steinhólr Páls-
son af störfum sem bankastjóri
Landsbankans. Fyrir hönd starfs-
fólks bankans færi ég honum
þakkir fyrir gott samstarf á
krefjandi tímum og góða við-
kynningu.

Hlutverk Landsbankans er að
vera hreyfiafl í samfélaginu og
traustur samherji viðskiptavina
sinna. Við erum afar ánægð með
að sífellt fleiri einstaklingar og
fyrirtæki beini viðskiptum sínum
til bankans. Okkar stefna er skýr:
Við viljum að viðskiptavinir finni
að með bankanum nái þeir ár-
angri. Ég þakka viðskiptavinum
og samstarfsfólki fyrir árangurs-
ríkt samstarf á árinu 2016.



Bankaráð og framkvæmdastjórn

Bankaráð ber ábyrgð á starfsemi bankans og stefnumótun og hefur jafnframt yfirumsjón með því að starfsemi og rekstur sé í samræmi við lög, samþykktir bankans og aðrar reglur sem um starfsemina gilda. Meginstarfsemi bankans skiptist milli sex sviða, þriggja tekjusviða og þriggja stoðsviða.

Bankaráð

Bankaráð hefur yfirumsjón með starfsemi bankans í samræmi við lög, reglugerðir og samþykktir. Bankaráð mótar almenna stefnu bankans og skal annast um að skipulag og starfsemi bankans sé jafnan í réttu horfi. Bankaráð hefur einnig með höndum almennt eftirlit með rekstri bankans og að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins.



Helga Björk Eiríksdóttir,
formaður bankaráðs

Helga Björk Eiríksdóttir er framkvæmdastjóri Integrum,

sem starfar á sviði fasteignaþróunar og ráðgjafar. Hún var áður fjárfesta- og almannatengill hjá Marel ásamt því að gegna formennsku í stjórn Sparisjóðs Svarfdæla. Þá hafði hún umsjón með samskiptamálum fyrir skilanefnd og slitastjórn Kaupþings hf. á árunum 2009 og 2010. Hún var markaðs- og kynningarstjóri Nasdaq OMX kauphallarinnar á Íslandi um átta ára skeið.

Helga Björk er með MBA-gráðu frá Háskólanum í Edinborg. Hún útskrifaðist með BA-gráðu í ensku og ítölsku frá Háskóla Íslands 1997 og lauk prófi í hagnýtri fjölmiðlun 1999 frá sama skóla. Helga Björk lauk prófi í markaðs- og útflutningsfræði frá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands 2002 og hefur lagt stund á verðbréfavíðskiptanám við Háskólann í Reykjavík. Á árunum 2010-2012 starfaði hún við sjálfstæða ráðgjöf.



Magnús Pétursson,
varaformaður

Magnús Pétursson lauk BA Econ. (Hons) prófi í hagfræði frá háskólanum í York á Englandi árið 1971. Hann stundaði síðan framhaldsnám í hagfræði og skipulagsfræði við Lundarháskóla og Háskólann í Umeå í Svíþjóð 1973-1976. Magnús hefur gegnt ýmsum ábyrgðarstörfum og átt sæti í fjölmörgum nefndum og ráðum. Hann var m.a. skrifstofustjóri Fjárlaga- og hagsýslustofnunar 1976-1981 og síðan hagsýslustjóri Fjárlaga- og hagsýslustofnunar 1981-1988. Magnús var ráðgjafi og aðstoðarforstjóri á skrifstofu Norðurlandanna í stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins

1988-1990. Á árunum 1991-1998 var hann ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytis. Magnús var forstjóri Ríkisspítala og Sjúkrahúss Reykjavíkur og síðan forstjóri Landspítala – háskólasjúkrahúss á árunum 1998-2008. Magnús var ríkissáttasemjari 2008-2015.



Berglind Svavarsdóttir

Berglind Svavarsdóttir er hæstaréttarlögmaður og meðeigandi hjá Lögfræðistofu Reykjavíkur. Berglind lauk lagaprófi frá Háskóla Íslands árið 1989. Berglind er með diplóma í stjórnun frá Háskólanum á Akureyri. Hún starfaði hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins á árunum 1988-1989 og sýslumanninum á Húsavík

1990-1996. Hún hefur rekið eigin lögmannsstofu og fasteignasölu, var meðeigandi Regula lögmannsstofu og meðeigandi Acta lögmannsstofu þar til Acta sameinaðist Lögfræðistofu Reykjavíkur. Berglind hefur gegnt ýmsum stjórnarstörfum og átt sæti í opinberum nefndum.



Danielle Pamela Neben

Danielle Pamela Neben starfar í dag sem sjálfstæður ráðgjafi. Hún starfaði hjá HSBC-bankanum, sem er einn stærsti banki heims, á árunum 1993-2013 í sjö löndum, m.a. í Bretlandi, Þýskalandi, Taívan og Singapore. Hún lauk háskólanámi í viðskiptafræði frá McGill University í Kanada með

áherslu á fjármál. Danielle átti sæti í framkvæmdastjórn HSBC Trinkaus & Burkhardt (Int.) SA í Lúxemborg 2012-2013 sem framkvæmdastjóri á rekstrar-sviði. Áður sinnti hún ýmsum stjórnunarstörfum innan HSBC-bankans.

Danielle lét af störfum í bankaráði Landsbankans 9. febrúar 2017.



Einar Þór Bjarnason

Einar Þór Bjarnason hefur starfað sem meðeigandi og rekstrarráðgjafi hjá Intellecta, m.a. á sviði stefnumótunar og breytingastjórnunar, frá árinu 2001. Hann lauk prófi í vélaverkfræði frá

Háskóla Íslands árið 1987 og meistaragráðu í iðnaðar- og framleiðsluverkfræði frá Oregon State University í Bandaríkjunum árið 1992. Þá lauk hann MBA-námi frá Norwegian School of Management í Osló árið 1997. Einar Þór starfaði sem verkefnisstjóri hjá Eimskip 1987-1989 og hjá Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins 1989-1991 en hefur starfað sem ráðgjafi frá 1992, hérlandis og í Noregi. Einar hefur setið í stjórnnum íslenskra fyrirtækja og samtaka og sat m.a. í stjórnnum Stjórnvísí og Íslensku ánægjuvogarinnar.



Hersir Sigurgeirsson

Hersir Sigurgeirsson er dósent í fjármálum við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands og sjálfstætt starfandi ráðgjafi. Hersir lauk BSc-prófi í stærðfræði frá Háskóla Íslands árið 1995, meistaraprófi í fjármálastærðfræði frá Stanford University árið 1999 og doktorsprófi í hagnýtri stærðfræði frá sama skóla 2001. Hann hefur einnig lokið prófi í verðbréfamiðlun. Hersir hefur mikla reynslu af störfum á fjármálamarkaði. Hann starfaði fyrir Saga Capital á Akureyri, fyrst

sem framkvæmdastjóri áhættu-stýringar og rekstrar og síðar sem forstjóri. Einnig starfaði hann sem ráðgjafi hjá Alþjóðabankanum í Washington 2013-2015. Hersir hefur setið í stjórnun fyrirtækja, í nefndum og verið kallaður til sem sérfróður meðdómari og dómkvaddur matsmaður í fjölda dómsmála vegna verðmats, skattamála o.fl.



Jón Guðmann Pétursson

Jón Guðmann Pétursson lauk Cand. oecon. prófi frá Viðskiptadeild Háskóla Íslands árið 1982 og starfaði sem viðskiptafræðingur hjá Endurskoðunar skrifstofu Björns & Ara árin 1982-1983. Jón var fjármálastjóri sjálfseignarstofnana Varnarliðsins árin 1984-1987, fjármálastjóri Hampiðjunnar árin 1987-2002 og forstjóri árin 2002-2014. Jón hefur setið í stjórnnum fjölmargra innlendra og erlendra fyrirtækja, þar á meðal í stjórn Hampiðjunnar árin 2006-2014 og í stjórnnum dótturfélaga hennar í Danmörku, Írlandi, Litháen og fleiri löndum, stjórn Royal Iceland frá árinu 2014, stjórn Iceland Seafood International árin 2009-2011, stjórn Vaka árin 2002-2004 og

í stjórn Kauphallar Íslands árin 1996-1999.

Varamaður

Samúel Guðmundsson

Samúel Guðmundsson er framkvæmdastjóri Sjávarkaupa hf., Food Diagnostic Ísland ehf. og S67 ehf. Samúel lauk viðskiptafræðiprófi, Cand. oecon., frá Háskóla Íslands árið 1991 og MBA-gráðu frá Háskólanum í Reykjavík árið 2007. Hann á að baki langan starfsferil hjá Olís hf., m.a. sem deildarstjóri hagdeildar 1992-1995, framkvæmdastjóri fjárfestinga- og áhættustýringarsviðs 1997-2006 og framkvæmdastjóri vörustýringarsviðs 2006-2013. Samúel sat í stjórn Flutningsjöfnunarsjóðs 2004-2014.

Samúel var kjörinn varamaður í bankaráð Landsbankans á framhaldsaðalfundi bankans 22. apríl 2016.

Framkvæmdastjórn

Samkvæmt skipuriti bankans eru svið bankans sex: Einstaklingssvið, Fyrirtækjasvið, Markaðir, áhættu-stýring, Fjármál og Rekstur og upplýsingatækni. Framkvæmdastjórnar sviðanna skipa framkvæmdastjórn Landsbankans.

Bankastjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri bankans og fer með ákvörðunarvald í öllum mál-efnum hans sem ekki eru öðrum falin með lögum, samþykktum bankans eða ákvörðunum banka-ráðs.

Steinþór Pálsson lét af störfum sem bankastjóri Landsbankans 30. nóvember 2016 en hann hafði verið bankastjóri frá 1. júní 2010. Hreiðar Bjarnason, framkvæmdastjóri Fjármála, tók tímabundið við starfi bankastjóra þegar Steinþór lét af störfum. Þann 23. janúar 2017 var tilkynnt að bankaráð hefði ráðið Lilju Björk Einarsdóttur sem bankastjóra Landsbankans. Lilja Björk mun hefja störf 15. mars 2017.

Hreiðar Bjarnason, starfandi bankastjóri og framkvæmdastjóri Fjármála

Hreiðar er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands. Hann er með MSc-gráðu í fjármálafræðum frá London Business School og hefur lokið prófi í verðbréfiðskiptum.



Hreiðar hóf störf í Landsbanka Íslands hf. árið 1998, fyrst sem sérfræðingur í Markaðsviðskiptum og síðar í Fjárféringu. Hreiðar tók við sem framkvæmdastjóri Markaða og fjárféringar Landsbankans hf. snemma árs 2010, en tók við stöðu framkvæmdastjóra Fjármála í ágúst 2012.

Fjármálasviðið er blandað tekju- og stöðsvið, en á sviðinu eru fimm deildir: Fjárféring, Hagdeild, Hagfræðideild, Lögfræðideild og Reikningshald.

Lilja Björk Einarsdóttir, tekur við starfi bankastjóra Landsbankans 15. mars 2017

Lilja Björk er véla- og iðnaðarverkfræðingur frá Háskóla



Íslands með meistaraþróf í fjármálaverkfræði frá Michigan-háskóla í Ann Arbor í Bandaríkjunum. Á árunum 2008 til 2016 stýrði Lilja Björk starfsemi, eignaumsýslu og endurheimt eigna gamla Landsbanka Íslands, LBI ehf., í London. Á árunum 2005 til 2008 var hún sérfræðingur og síðar framkvæmdastjóri hjá Landsbanka Íslands hf. í London og bar m.a. ábyrgð á daglegum rekstri og uppbyggingu stöðdeilda.

Áður vann Lilja Björk hjá ráðgjafarfirmakerkinu Marsh & McLennan og vann m.a. verkefni fyrir Ford-bílaframleiðandann, sem sérfræðingur í gerð áætlana og áhættulíkana fyrir váttryggingarsvið og fjárféringu.



Fyrirtæki

Meginhlutverk Fyrirtækjasviðs snýr að þjónustu við fyrirtæki, sveitarfélög og stofnanir. Fyrirtækjamiðstöð Landsbankans heyrir einnig undir sviðið.

Árni Þór Þorbjörnsson er framkvæmdastjóri Fyrirtækjasviðs.

Árni er lögfræðingur frá Háskóla Íslands með diplóma í rekstrar- og viðskiptafræði. Hann hlaut löggildingu í Corporate Finance frá Securities & Investment Institute í London 2005.

Árni hóf störf hjá Landsbankanum 1996. Á fyrstu árunum annaðist hann almenn lögfræðistörf, ráðgjöf og málflutning. Árni var yfirlögfræðingur Fyrirtækjasviðs Landsbanka Íslands hf. til ársins 2008, en við stofnun Landsbankans hf. tók Árni við sem framkvæmdastjóri Fyrirtækjasviðs.



Einstaklingar

Meginhlutverk Einstaklingsvið er að annast þjónustu við einstaklinga. Fyrirtæki á landsbyggðinni fá auk þess alla almenna bankaþjónustu í útibúum um land allt.

Helgi Teitur Helgason er framkvæmdastjóri Einstaklingssviðs.

Helgi lauk embættisprófi í lögum frá Háskóla Íslands 1998.

Sama ár hóf hann störf hjá Landsbankanum sem lögfræðingur og síðar lögmaður. Helgi leiddi opnun skrifstofu Intrum og Lögheimtunnar á Akureyri vorið 2001 og starfaði þar sem svæðisstjóri og lögmaður á Norðurlandi til vorsins 2004 þegar hann tók við starfi útibússtjóra Landsbankans á Akureyri. Hann hefur verið framkvæmdastjóri einstaklingssviðs frá árinu 2010.



Markaðir

Meginhlutverk Markaða er að annast þjónustu er snýr að sölu og miðlun verðbréfa, viðskiptavakt, fyrirtækjaráðgjöf og eignastýringu.

Hrefna Ösp Sigfinnsdóttir er framkvæmdastjóri Markaða.

Hrefna er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og hefur lokið löggildingarprófi í verðbréfa- viðskiptum. Hrefna hóf störf hjá Landsbankanum 2010.

Hrefna starfaði sem sjóðstjóri hjá Arev verðbréfafyrirtæki frá árinu 2007 þar til hún gekk til liðs við Landsbankann. Þá starfaði Hrefna sem forstöðumaður skráningarsviðs og sérfræðingur á því sviði hjá Kauphöll Íslands frá 1998-2006. Áður gegndi hún starfi forstöðumanns einstaklingsþjónustu hjá Fjárvangi og var starfsmaður á peningamálasviði Seðlabanka Íslands.



Áhættustýring

Áhættustýring ber ábyrgð á greiningu áhættu og eftirliti með henni. Áhættustýring gegnir enn fremur veigamiklu hlutverki í útlánaferli bankans.

Perla Ösp Ásgeirsdóttir er framkvæmdastjóri Áhættustýringar.

Perla er með MSc-gráðu í fjármálum frá Háskólanum í Reykjavík. Perla hóf störf hjá Landsbankanum sem forstöðumaður Áhættustýringar 2010 og varð framkvæmdastjóri Áhættustýringar síðar sama ár.

Perla starfaði hjá Seðlabanka Íslands á árabílinu 2005-2010. Perla sinnti m.a. eftirliti með fjármálafyrirtækjum og mörkuðum hjá Seðlabanka Íslands og annaðist gerð áhættulíkana fyrir íslenskan fjármálamarkað. Perla starfaði fyrir rannsóknarnefnd Alþingis árið 2009.



Rekstur og upplýsingatækni

Rekstur og upplýsingatækni er blandað svið. Allar deildir sviðsins eiga það sameiginlegt að sinna rekstri og þróun á innviðum Landsbankans.

Ragnhildur Geirsdóttir er framkvæmdastjóri Rekstrar og upplýsingatækni.

Ragnhildur lauk CS-prófi í véla- og iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands 1995, MSc-prófi í iðnaðarverkfræði frá University of Wisconsin, Madison 1996 og MSc-prófi í viðskiptafræði frá sama skóla 1998. Ragnhildur hóf störf hjá Landsbankanum 2012.

Ragnhildur starfaði sem sérfræðingur hjá Fjárfestingabanka atvinnulífsins (FBA) 1998–1999. Á árunum 1999–2005 vann hún hjá Flugleiðum hf./FL Group hf., m.a. sem forstjóri. Ragnhildur var forstjóri Promens hf. 2006–2011.



Innri endurskoðun

Innri endurskoðun leggur mat á stjórnarhætti, áhættustjórnun og eftirlitsaðferðir Landsbankans. Athugunum Innri endurskoðunar er, auk annars, ætlað að veita hæfilega vissu um að bankinn nái markmiðum sínum varðandi skilvirkni, varðveislu eigna, áreiðanleika upplýsinga og að hann fylgi lögum og reglum.

Kristín Baldursdóttir er innri endurskoðandi Landsbankans.

Kristín er hagfræðingur frá Háskóla Íslands, með MPM-gráðu frá sama háskóla, hefur lokið

prófi í verðbréfavíðskiptum og er með alþjóðlega vottun sem innri endurskoðandi.

Kristín hóf störf sem innri endurskoðandi hjá Landsbankanum hf. árið 2009. Áður starfaði Kristín hjá Íslandsbanka um 18 ára skeið sem viðskiptastjóri, verkefnastjóri og forstöðumaður rekstrardeildar bankans.



Regluvarsla

Regluvarsla hefur það hlutverk að veita starfsfólki Landsbankans fræðslu og ráðgjöf vegna laga um verðbréfavíðskipti, hafa eftirlit


með framkvæmd laganna og takmarka eins og kostur er reglu- fylgniáhættu bankans. Þá hefur regluvarsla einnig það hlutverk að annast varnir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Þórður Örlygsson er regluvörður Landsbankans.

Þórður er með embættispróf í lögfræði frá Háskóla Íslands. Hann hóf störf hjá Landsbankanum árið 2004, fyrst sem sérfræðingur í skuldaúrlausnum en tók við sem regluvörður árið 2005.

Áður starfaði Þórður sem sérfræðingur í lögfræðiráðgjöf hjá Kaupþingi banka hf. og Búnaðarbanka Íslands hf.

Skipurit Landsbankans



Stefna og stjórnaðættir

Grundvallaratriði í stefnu bankans til ársins 2020 er að hann verði til fyrirmyndar og sé traustur samherji í fjármálum. Landsbankinn ætlar að skara fram úr í þjónustu og samskiptum við viðskiptavinini.

Á árinu 2016 var áfram unnið að innleiðingu og framkvæmd stefnunnar. Stærstu verkefni ársins fólust í breytingum á innviðum og fyrirtækjamenningu bankans. Ný tölvukerfi voru tekin í notkun og eldri kerfi voru aflögð. Ferlar voru einfaldaðir og rafvæddir og breytingar gerðar við sölu og ráðgjöf til viðskiptavina í þeim tilgangi að miða samskipti við viðskiptavinini við þeirra þarfir og væntingar um þjónustu, svo það helsta sé nefnt.

Vel skipulögð innleiðing á skýrri stefnu

Til að fylgja eftir innleiðingu stefnunnar til 2020 skilgreindi bankinn fimm lykilmarkmið og sjö verkstrauma.

Stjórnskipulag innleiðingarinnar er mjög skýrt. Framkvæmdastjórn fylgist með og tryggir markvissa framvindustýringu og framtíðarnefnd bankaráðs hefur eftirlit með því hvernig innleiðingu stefnunnar vindur fram. Innleiðingin er drifin áfram af verkefnum sem eru valin út frá

SÝN Landsbankinn ER TIL FYRIRMYNDAR

- » Við setjum viðskiptavininn í forgang.
- » Við byggjum á öflugum samstarfi og stöðugum framförum.
- » Hjá okkur tekur hver og einn ábyrgð á að árangur náist.

Lykilmarkmiðin fimm snúast um

- » Ánægju viðskiptavina
- » Arðsemi bankans
- » Kostnaðarhagkvæmni
- » Áhættuvilja
- » Ánægt starfsfólk

markmiðum hvers verkstraums og árangur í verkefnunum hreyfir við árangursmælikvörðum stefnunnar.

Þessari vinnu hefur verið fylgt eftir með upplýsingamiðlun til allra starfsmanna, m.a. með tíðum fréttum af innleiðingu stefnunnar og verkefnum sem henni tengjast á innra neti bankans.

Lykilþáttur í árangri við innleiðingu á stefnu bankans liggur í skiptingu stefnunnar í sjö aðskilda verkstrauma. Verkstraumarnir leggja grunninn að skýrri ábyrgð við ákvarðanatöku og á verkefnum innan hvers verkstraums.

Verkstraumur 1: Fyrirmyndarþjónusta - einstaklingar

Á árinu 2016 þáðu um 8.300 viðskiptavinir 360° ráðgjöf sem er alhliða fjármálaráðgjöf fyrir einstaklinga. Mælingar Gallup sýna að viðskiptavinir eru mjög ánægðir með ráðgjöfina og skv. Gallup-könnun frá því í september sl. voru viðskiptavinir sem höfðu þegið 360° ráðgjöf þeir



ánægðustu í bankakerfinu. Á árinu var einnig lögð mikil áhersla á verkefnið Betri bankaviðskipti en liður í því er að kenna og aðstoða viðskiptavinir við að nota sjálfsafgreiðslulausnir. Nánar er fjallað um þjónustu við einstaklinga í kaflanum Einstaklingar.

Verkstraumur 2: Fyrirmyndarþjónusta – fyrirtæki og markaðir

Landsbankinn er sem fyrr með afar sterka markaðshlutdeild á fyrirtækjamarkaði og samkvæmt mælingum sem Gallup gerir fyrir bankann hefur ánægja fyrirtækja með þjónustu bankans verið að aukast. Bankinn er leiðandi á mörgum sviðum, m.a. meðal stærri fyrirtækja, og þá er bankinn umsvifamestur í fjármögnun mannvirkja, hvort sem litið er til íbúða- eða hótélbygginga. Talsverð aukning varð einnig á viðskiptum bankans við fyrirtæki í verslun og þjónustu. Nánar er fjallað um þjónustu við fyrirtæki í kaflanum Fyrirtæki.

Markaðir Landsbankans náðu góðum árangri á árinu 2016 og jukust viðskipti á nánast öllum sviðum. Landsbankinn var, líkt og árið 2015, með mesta hlutdeild á hlutabréfamarkaði í Kauphöllinni og næstmesta hlutdeild á skuldabréfamarkaði. Markaðshlutdeild bankans í viðbótarlífeyrissparnaði jókst úr 17% í 19%. Nánar er fjallað um þjónustu Landsbankans við aðila á markaði og aðra starfsemi sem tengist fjármálamörkuðum í kaflanum Markaðir.

Helstu áherslur í nýrri stefnu um stafræna tækni

- » Sjálfsafgreiðsla fyrsti valkostur til að léttu viðskiptavinum lífið.
- » Sjálfvirknivæðing ferla til að auka ánægju viðskiptavina.
- » Hagnýting gagna til að veita betri ráðgjöf og til að viðskiptavinir geti stýrt sínum fjármálum betur.
- » Samstarf við önnur traust fyrirtæki til að auka ávinning viðskiptavina.

Verkstraumur 3: Rafræn þjónusta við viðskiptavini


Á árinu 2016 mótaði Landsbankinn sér skýrari framtíðarsýn í stafrænni tækni og lagði grunn að stefnu sem unnið verður eftir til ársins 2020.

Í nýrri stefnu er lögð enn meiri áhersla á sjálfsafgreiðslu sem fyrsta valkost í bankaviðskiptum. Áhersla á stafræna tækni á einnig að stuðla að aukinni skilvirkni innan bankans.

Nánar er fjallað um nýjungar og tæknibreytingar í starfsemi Landsbankans í kaflanum Þróun í bankaviðskiptum.

Verkstraumur 4: Hagkvæmar stöðeiningar

Árangur náðist við að auka hagkvæmni í rekstri. Rekstarkostnaður fer lækkandi og stöðugildum fækkar. Þetta má rekja til hagkvæmari stöðeininga, hagræðingar í fasteignarekstri og minni kostnaðar við upplýsingatækni ef horft er framhjá áhrifum



kjarasamninga, svo eitthvað sé nefnt.

Nánar er fjallað um rekstur bankans í kaflanum Fjármál og ársreikningur.

Verkstraumur 5: Nútímalegt tækniumhverfi

Stærsta einstaka verkefni Landsbankans á sviði upplýsingatækni á síðustu árum er innleiðing á nýju innlána- og greiðslukerfi, Sopra, í samstarfi við Reiknistofu bankanna. Verkefnið er mjög margþætt, flókið og mannaflsfrekt. Upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir að kerfið yrði komið í gagnið vorið 2016 en nú eru væntingar um að það verði tekið í notkun á fyrri hluta árs

2017. Kerfið mun leysa mörg önnur og í sumum tilvikum mjög gömul kjarnakerfi af hólmi. Innleiðing á nýju kerfi er nauðsynleg til að bankinn geti einfaldað og nútímavætt tækniumhverfi sitt enn frekar.

Önnur verkefni á sviði upplýsingatækni

Lánakerfi bankans voru sameinuð í eitt. Kerfunum hafði fjölgað í kjölfar sameiningar við önnur fjármálafyrirtæki á undanföllum árum.

Opnað var fyrir svonefnt API-þjónustuumhverfi.

Skjalagerð íbúðalána var sjálfvirknivædd og þar með skilvirkari.

Viðskiptatengslakerfi (CRM) hefur verið innleitt hjá flestum sviðum bankans. Með því er haldið markvisst utan um samskipti við viðskiptavinum sem gerir bankanum kleift að veita viðskiptavinum betri þjónustu.

Verkstraumur 6: Hagkvæm samsetning efnahags

Arðsemi bankans án áhrifa af virðisaukningu útlána og skatta á heildarskuldir fer vaxandi.

Mikilvægur áfangi í fjármögnun bankans náðist á seinni helmingi ársins 2016 þegar Landsbankinn gaf út skuldabréf í evrum og sænskum krónum. Evruskulda-bréfin voru að fjárhæð 500 milljónir evra til 4½ árs með gjaldaga 15. mars 2021. Þau bera fasta 1,625% vexti og voru seld á kjörum sem jafngilda 190 punkta álagi ofan á millibankavexti í evrum. Landsbankinn gaf jafnframt út skuldabréf í sænskum krónum að fjárhæð einn milljarður sænskra króna til fjögurra ára. Skuldabréfin bera hvoru tveggja fasta og breytilega vexti og voru seld á kjörum sem jafngilda 150 punkta álagi ofan á milli-bankavexti í sænskum krónum. Afrakstur skuldabréfaútgáfnanna var fyrst og fremst nýttur til fyrirframgreiðslu á útgefnum skuldabréfum til LBI hf.

Í október 2016 var lánshæfiseinkunn Landsbankans hækkuð um eitt þrep og er nú BBB/A-2 með jákvæðum horfum.

Landsbankinn vinnur áfram að því að fá heimild til að nota svokallaða innramatsaðferð við mat á útlánahættu. Liður í þeirri vegferð var innleiðing á nýju lánshæfislíkani fyrirtækja á árinu. Með innramatsaðferð fæst nákvæmara mat á útlánahættu sem gerir bankanum betur kleift

að stýra samsetningu efnahags til samræmis við undirliggjandi áhættu.

Verkstraumur 7: Árangursmiðuð menning

Ánægja og stolt starfsmanna af því að vinna hjá Landsbankanum jókst á árinu. Mikil áhersla er lögð á árangursmiðaða fyrirtækjamenningu innan Landsbankans og er litið svo á að sterk fyrirtækjamenning sé einn helsti grundvöllurinn að góðum árangri. Á árinu 2016 var markvisst unnið að því að efla fyrirtækjamenningu í bankanum.

Sú aðferðafræði sem Landsbankinn notar til að efla fyrirtækjamenningu snýst um að starfsfólk og einstakar starfseiningar setji sér skýr, mælanleg markmið og ákveði til hvaða aðgerða skuli grípa til að ná markmiðunum á tilsettum tíma.

Á síðasta ári var unnið að því markmiði að auka ánægju viðskiptavina Landsbankans með gagnkvæman ávinning að leiðarljósi. Hvert svið og deildir settu

sér undirmarkmið sem tengdist þessu yfirmarkmiði bankans og vann að því, m.a. með vikulegum fundum þar sem fjallað var um árangur hópsins. Gaman er að segja frá því að markmið bankans um aukna ánægju viðskiptavina náðist á síðasta ári.

Stuðningur og eftirfylgni við stjórnendur hefur verið lykilatriði í árangursstjórnun bankans. Stuðningurinn hefur meðal annars falist í fræðslu og þjálfun. Að auki er hverjum hópi fylgt eftir af þjálfara sem kemur úr starfsliði bankans. Þjálfarinn styður við stjórnanda hópsins og veitir honum ráð. Einnig hefur verið tekinn í notkun hugbúnaður til að halda utan um markmið og verkefni hvers hóps og er árangur hópsins skráður vikulega. Framkvæmdastjórar fylgjast náið með árangri sinna hópa og bankastjóri fylgist með að bankinn í heild sé að ná tilætluðum árangri.

Nánar er fjallað um starfsfólk og starfsmannastefnu bankans í kaflanum Mannauður.

Hrein afkoma ríkisins af Landsbankanum nemur 138 milljörðum króna

Við stofnun Landsbankans hf. haustið 2008 lagði íslenska ríkið bankanum til 122 milljarða króna. Þar með eignaðist ríkið 81,33% hlut í bankanum. Breyting varð á eignarhaldi Landsbankans frá og með 11. apríl 2013 þegar 18,67% hlutur, sem var í eigu Landskila fyrir hönd slitastjórnar LBI hf., rann til íslenska ríkisins og Landsbankans í samræmi við samkomulag þessara aðila frá desember 2009. Eignarhald ríkisins í tengslum við þennan samning er 99,4% þegar tekið hefur verið tillit til útistandandi hlutabréfa og bréfa í eigu bankans sjálfs, eða sem nemur rétt um 250 milljörðum króna, ef miðað er við eigið fé bankans.

Frá stofnun Landsbankans til og með ársins 2016 námu arðgreiðslur bankans til ríkisins um 81 milljarði króna, eða um tveimur þriðju hlutum af upphaflegu kaupverði. Þegar tekið

Afkoma ríkisins af eignarhlut í Landsbankanum

	Afkoma
Hreinn fjármagnskostnaður	-111.514
Hlutdeild í eigin fé	249.663
Hrein afkoma ríkisins	138.148

* Miðað við bókfært eigið fé 31.12.2016
Allar tölur í milljónum króna

hefur verið tillit til vaxtakostnaðar ríkisins, arðgreiðslna og upphaflegs kaupverðs, nemur kostnaður ríkisins vegna kaupa á eignarhlut sínum í bankanum 111,5 milljörðum króna en verðmæti hlutarins nam um áramót um 250 milljörðum króna. Hrein afkoma ríkisins samkvæmt þessu er því um 138 milljarðar króna.

Ríkissjóður heldur auk þess á hlutum í Landsbankanum vegna eignarhalds ríkisins í Sparisjóði Vestmannaeyja og Sparisjóði Norðurlands en ekki er tekið tillit til þessara hlut í ofangreindri samantekt. Þegar einnig hefur verið tekið tillit til hluta spari-

sjóðanna er hlutdeild ríkisins í Landsbankanum 99,7%.

Stjórnarhættir Landsbankans

Góðir stjórnarhættir Landsbankans leggja grunninn að traustum samskiptum hluthafa, bankaráðsmanna, stjórnenda, starfsmanna og annarra hagsmunaaðila og stuðla að hlutlægni, heilindum, gagnsæi og ábyrgð í stjórnun bankans. Á hverju ári gerir Landsbankinn úttekt á því hvort viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti sé fylgt og

hvort stjórnarhættir bankans á hverjum tíma séu í samræmi við þær leiðbeiningar.


Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti tilkynnti í desember 2014 að Landsbankinn hefði fengið viðurkenningu sem fyrirmyndar-fyrirtæki í góðum stjórnarháttum. Umsögn Rannsóknarmiðstöðvarinnar var byggð á úttekt á stjórnarháttum sem unnin var af Deloitte í nóvember 2014. Niðurstaða úttektar Deloitte á stjórnarháttum Landsbankans var talin gefa skýra mynd af stjórnarháttum bankans og benda til þess að Landsbankinn geti að mörgu leyti verið öðrum fyrirtækjum fyrirmynd í góðum stjórnarháttum.

Stjórnarháttayfirlýsing

Landsbankinn fylgir viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja og gerir grein fyrir þessum þætti í stjórnarháttayfirlýsingu bankans ár hvert. Þar koma einnig fram nánari upplýsingar um bankaráð og undirnefndir þess.


Árið 2015 í hnotskurn

Staða Landsbankans hélt áfram að styrkjast á árinu 2016. Mikilvægir áfangar náðust við fjármögnun bankans á erlendum mörkuðum, Standard & Poor's hækkaði láns-hæfismat bankans í BBB/A-2 með jákvæðum horfum og Landsbankinn greiddi 28,5 milljarða króna í arð.



» Tilkynnt að Landsbankinn hafi hagnast um 36,5 milljarða króna árið 2015

» Landsbankinn heldur fund um loftslagsbreytingar og áhrif Parísarsamkomulagsins á atvinnulífið



» Standard & Poor's staðfestir láns hæfiseinkunn Landsbankans

» Skrifað undir samninga um Vogabyggð, umfangsmestu endurbyggingu hverfis í sögu Reykjavíkur

» Landsbankinn áfram bak-hjarl Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur

» Netbanki einstaklinga valinn besta þjónustusvæðið

» Yfirlýsing frá fimm banka-ráðsmönnum um að þeir gefi ekki kost á sér til endurkjörs í bankaráð Landsbankans

» Landsbankinn innleiðir nýja stefnu og verkferla um sölu eigna

» Landsbankinn fær viðurkenningu sem fyrirmyndar-fyrirtæki í góðum stjórna-háttum

» Niðurstöður aðalfundar Landsbankans 2016


» Skrifað undir samning um að Landsbankinn verði einn af aðalstyrktaraðilum Slysavarnafélagsins Landsbjargar

» Landsbankinn greiðir 28,5 milljarða króna í arð í tveimur greiðslum

» Nýtt bankaráð Landsbankans kjörið. Helga Björk

Eiríksdóttir kjörinn nýr formaður bankaráðs


- » Landsbankinn hagnast um 3,3 milljarða á fyrstu þremur mánuðum ársins
- » Landsbankinn stækkar skuldabréfaútgáfu í norskum og sænskum krónum



- » Landsbankinn hættir útgáfu og innlausn ávísana
- » Nýtt og bráðskemmtilegt Sprota-app kemur út
- » Lindarhvoll ehf. ræður Landsbankann til að veita ráðgjöf við sölu skráðra hlutabréfaeigna í umsýslu félagsins
- » Landsbankinn hagnast um 11,3 milljarða króna á fyrri helmingi ársins 2016
- » Fjölmenni á Menningarnótt í Landsbankanum

» Nýtt öryggiskerfi og nýtt útlit í netbanka fyrirtækja

- » Landsbankinn bakhjarl Kvenna í orkumálum
- » Landsbankinn gefur út 500 milljóna evra skuldabréf
- » Landsbankinn nýtir heimild til kaupa á eigin hlutum í bankanum
- » Landsbankinn heldur fjölmennan fund um ábyrgar fjárfestingar



- » Landsbankinn leiðréttir lán neytenda vegna rangra útreikninga Hagstofunnar á neysluvísitölu
- » Lántökugjald af íbúðarlánum Landsbankans föst upphæð, óháð lánsfjárhæð

» Standard & Poor's hækkar láns hæfiseinkunn Landsbankans í BBB/A-2 með jákvæðum horfum

- » Landsbankinn hagnast um 16,4 milljarða króna á fyrstu níu mánuðum ársins 2016
- » Landsbankinn gefur út skuldabréf í sænskum krónum
- » Ný þjóðhagsspá Landsbankans kynnt
- » Steinþór Pálsson lætur af störfum hjá Landsbankanum
- » Nýir útibússtjórar Landsbankans í Hafnarfirði og Reykjanesbæ
- » Landsbankinn hlýtur gullmerki jafnlaunaúttektar PwC í annað sinn
- » Landsbankinn höfðar mál vegna sölu á hlut í Borgun hf.

Landsbankinn þinn

Landsbankinn leggur áherslu á að skapa gagnkvæman ávinning og styrkja langtímasamband sitt við viðskiptavini. Á árinu 2016 jókst markaðshlutdeild bankans, hvort sem litið er til þjónustu við einstaklinga, fyrirtæki eða fagfjárfesta.


Einstaklingar

Meginhlutverk Einstaklingssviðs er að annast viðskipti við einstaklinga en að auki veita útibú á landsbyggðinni fyrirtækjum alla almenna bankaþjónustu.

Árið 2016 var markaðshlutdeild Landsbankans á einstaklingsmarkaði 37,1%, samkvæmt rannsókn Gallup, og hefur aldrei mælst hærri. Á árinu 2008 var markaðshlutdeild Landsbankans á einstaklingsmarkaði um 28% og nemur aukningin á tímabilinu því um níu prósentustigum.

Mikil umsvif á íbúðalánamarkaði

Umsvif Landsbankans á íbúðalánamarkaði voru áfram mikil á árinu 2016. Alls lánaði bankinn 64,5 milljarða króna sem ný íbúðalán á árinu 2016. Um 83% þeirrar fjárhæðar voru verðtryggð íbúðalán og 17% óverðtryggð. Árið 2016 var markaðshlutdeild Landsbankans í nýjum íbúðalánum 28%, samkvæmt rannsókn Gallup, sem er svipað hlutfall og árið 2014 en töluvert lægra en árið 2015. Lægri hlutfall Landsbankans á íbúðalána-





markaði árið 2016 skýrist einkum af því að í árslok 2015 hófu lífeyrissjóðir að bjóða sjóðfélögum sínum betri kjör og hækkuðu um leið láns hlutfall.

Þrátt fyrir harða samkeppni á árinu 2016 voru umsvif Landsbankans á íbúðalánamarkaði engu að síður mikil.

Landsbankinn lánar fyrir allt að 85% af kaupverði íbúðarhúsnæðis. Lánað er fyrir allt að 70%

kaupverðs til allt að 40 ára og hægt er að fá 15% viðbótarlán til allt að 15 ára. Viðbótarlánið nýtist einkum þeim sem eru að kaupa sína fyrstu fasteign, ekki síst ungu fólki. Sem fyrr leggur bankinn mikla áherslu á vandaða ráðgjöf og skjót og fagleg vinnubrögð við lánveitingar.



Lántökugjald af íbúðalánum er nú föst upphæð, óháð lánsfjárhæð

Landsbankinn tilkynnti 6. október 2016 að lántökugjald vegna íbúðalána til einstaklinga yrði föst upphæð í stað þess að vera hlutfall af lánsfjárhæð. Lántökugjald er nú 52.500 krónur við hverja lántöku.

Í langflestum tilfellum leiðir þessi breyting til þess að lántakendur greiða mun lægra lántökugjald en áður. Lántökugjald og kostnaður vegna 20 m. kr. íbúðaláns til einstaklings var áður 155.000 kr., svo dæmi sé tekið. Lántökugjald er sem fyrr fellt niður hjá þeim sem eru að kaupa sína fyrstu fasteign.


Alls skráði bankinn um 5.400 ný íbúðalán til um 3.250 einstaklinga í bækur sínar á árinu 2016 og er þá bæði átt við ný íbúðalán og lán vegna endurfjármögnunar.

Umsvífamestur í bíla- og tækjafjármögnun

Markaðshlutdeild á bílalánamarkaði hækkaði á milli ára og annað árið í röð var Landsbankinn með hæstu hlutdeildina á þeim markaði, eða 34%, samkvæmt könnun Gallup. Þá er sérstaklega ánægjulegt að samkvæmt fyrirnefndri Gallupkönnun nýtur Landsbankinn

mests trausts allra lánveitenda á bílalánamarkaði. Ennfremur sögðu flestir að þeir myndu velja Landsbankann ef þeir ætluðu að taka bílalán í dag.

Markaðshlutdeild Bíla- og tækjafjármögnunar Landsbankans mældist 37,4% meðal þeirra fyrir-tækja sem bjóða sérhæfða bíla- og tækjafjármögnun, samkvæmt könnun Gallup.




Aukakrónur í stöðugri sókn

Fríðindakerfi Landsbankans, Aukakrónur, er í sífelldri sókn. Á árinu 2016 jókst fjöldi þeirra viðskiptavina sem safna Aukakrónum með því að gera kreditkort sín að A-kortum um 13,6%. Yfir 50.000 manns eru nú skráðir í Aukakrónukerfið. Þegar korthafi notar A-kort fær hann greiddar Aukakrónur frá Landsbankanum, annars vegar sem hlutfall af innlendri veltu og hins vegar frá samstarfsaðilum Aukakróna sem endurgreiðsluafslátt.

Samkvæmt könnun Gallup í september 2016 eru þeir sem eru með Aukakrónur Landsbankans ánægðari en notendur annarra vildarkerfa.

Árið 2016 bættust 24 samstarfsaðilar í Aukakrónuhópinn og nú er hægt að safna og leysa út Aukakrónur hjá rúmlega 200 samstarfsaðilum um allt land. Á árinu 2016 voru samtals 234 milljónir greiddar út til Aukakrónukorthafa.



Nýtt debetkort – snertilaust, á netinu og um allan heim

Um mitt ár 2016 hóf Landsbankinn að gefa út ný debetkort af gerðinni Visa debet sem leysa eldri kort af gerðinni Visa Electron af hólmi. Nýju debetkortin eru með snertilausa virkni sem þýðir að með þeim er hægt að greiða lægri fjárhæðir en 5.000 krónur án þess að stinga korti í posa og slá inn PIN-númer. Einungis þarf að bera kortið upp að posanum. Ef keypt er fyrir meira en 5.000 kr. þarf að slá inn

PIN-númer. Af og til er korthafi beðinn um að slá inn PIN-númer þótt greitt sé með snertilausum hætti og er það gert til að auka öryggi.

Á nýju kortunum er einnig birt 16 stafa kortanúmer og 3 stafa öryggisnúmer. Hægt er að nota þessi númer til að greiða fyrir verslun og þjónustu á netinu. Nýju debetkortin eru alþjóðleg og eru framleidd samkvæmt nýjustu öryggisstöðlum. Tekið er við þeim á mun fleiri stöðum erlendis en eldri debetkortum.



Allir viðskiptavinir Landsbankans sem eru með debetkort frá bankanum verða komnir með ný kort í hendurnar fyrir febrúarlok 2017.

Viðskiptavinir ánægðir með 360° ráðgjöf

Á árinu 2015 hóf Landsbankinn að bjóða viðskiptavinum upp á 360° ráðgjöf, heildstæða fjármálaráðgjöf sem tekur á öllum þáttum fjármála einstaklinga; sparnaði, lánum, tryggingum og fleiru.



Viðskiptavinir hafa frá upphafi tekið ráðgjöfinni mjög vel. Á árinu 2016 fengu 8.318 viðskiptavinir 360° fjármálaráðgjöf. Í kjölfar viðtals við ráðgjafa send Landsbankinn viðskiptavinum netkönnun og spurði hvernig þeim líkaði ráðgjöfin. Könnunin sýnir að þeir viðskiptavinir sem hafa fengið 360° ráðgjöf eru mjög ánægðir með ráðgjöfina og samkvæmt mælingu Gallup frá í september 2016 voru viðskiptavinir Landsbankans sem höfðu fengið 360° ráðgjöf ánægðustu viðskiptavinir bankakerfisins.

Í apríl 2016 hóf Landsbankinn samstarf við Sjóvá hf. um tryggingaráðgjöf fyrir viðskiptavini bankans en umfjöllun um tryggingar er einn liður í 360° ráðgjöfinni. Óski viðskiptavinir eftir tryggingaráðgjöf sendir starfsfólk Landsbankans ábendingar til tryggingasérfræðinga Sjóvár sem hafa samband við viðkomandi um hæl.

Ánægja með þjónustu útibúa

Viðskiptavinir Landsbankans eru mjög ánægðir með þjónustu útibúa. Í Gallup-könnun í nóvember 2016 sögðust 95% viðskiptavina vera ánægðir með þjónustuna og þar af sögðust 87% vera mjög eða fullkomlega ánægðir.

Fyrirtæki


Meginhlutverk Fyrirtækjasviðs snýr að þjónustu við fyrirtæki, sveitarfélög og stofnanir. Fyrirtækjamiðstöð Landsbankans heyrir einnig undir sviðið.

Árið 2016 var gott fyrir atvinnulífið í landinu. Góður gangur var í hagkerfinu og kröftugur hagvöxtur. Í Landsbankanum er markvisst unnið eftir þeirri stefnu að bankinn sé traustur samherji viðskiptavina sinna og veiti þeim framúrskarandi þjónustu.

Traustur samherji fyrirtækja

Landsbankinn hefur mjög sterka stöðu á fyrirtækjamarkaði og mældist hlutdeild bankans á þeim markaði 33,4% í árslok 2016 en var 31,5% í árslok 2015, samkvæmt markaðsrannsókn Gallup.

Þegar hlutdeild útlána stóru bankanna þriggja er skoðuð út frá útlánnum til fyrirtækja er hlutdeild Landsbankans sem fyrr mest, eða um 40%.



Útlánavöxtur var hóflegur á árinu. Þegar horft er á lánasafn Landsbankans til fyrirtækja má sjá aukningu í útlánnum til uppbyggingar í ferðaþjónustu og á íbúðarhúsnæði. Einnig varð umtalsverður vöxtur í útlánnum til verslunar og þjónustu. Staða sjávarútvegsins er mjög sterk og almennt hafa skuldir sjávarútvegsfyrirtækja lækkað.

Öflugur samherji atvinnulífsins

Landsbankinn kappkostar að bjóða fyrirtækjum alhliða fjármálaþjónustu og hafa þau aðgang að sérfræðiþjónustu í víðfeðmasta útibúaneti landsins. Landsbankinn er þannig öflugur samherji fyrirtækja um allt land. Fyrirtækjamiðstöð Landsbankans í Borgartúni 33, sem sérhæfir sig í þjónustu við minni og meðalstór fyrirtæki, hefur sannað gildi sitt og samkvæmt mælingum Gallup eru viðskiptavinir mjög ánægðir með fyrirkomulag þessarar þjónustu við fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu.

Gallup kannar reglulega hvernig viðskiptavinum líkar þjónusta Fyrirtækjamiðstöðvarinnar. Könnun sem gerð var í desember 2016 leiddi í ljós að 94% viðskiptavina Fyrirtækjamið-

Ánægðir viðskiptavinir

94%

stöðvarinnar voru ánægðir með þjónustuna og 76% voru mjög eða fullkomlega ánægðir.

Kannanir Gallup sýna að Landsbankinn hefur mesta markaðshlutdeild af bönkunum þremur á landsbyggðinni og er forskot bankans á þeim markaði töluvert. Landsbankinn kappkostar að mæta ólíkum þörfum fjölbreytts og kröftugs atvinnulífs um allt land.

Landsbankinn leggur mikla áherslu á þjónustu við verslunar- og þjónustufyrirtæki. Viðskipti bankans við fyrirtæki í verslun og þjónustu jukust töluvert á árinu 2016 og bættust fjölmörg félög, stór og smá, í viðskiptavinahóp bankans. Útlán bankans til þessara atvinnugreina jukust umtalsvert árinu og renna styrkari stoðum undir stórt og vel dreift lánasafn bankans til fyrirtækja.

Leiðandi í mannvirkja-fjármögnun

Landsbankinn hefur um árabil verið leiðandi í mannvirkja-fjármögnun og hefur þannig á liðnum árum verið stærstur í fjármögnun nýrra íbúða og nýrra hótélbygginga.

Stærri verkefni á þessu sviði sem bankinn fjármagnaði voru 56 talsins um síðustu áramót, á vegum 47 verktakafyrirtækja. Fjögur verkefni fólust í byggingu hótela og þrjú verkefni snerust um byggingu atvinnuhúsnæðis. Bygging nýs íbúðarhúsnæðis var lang fyrirferðarmest en alls fjármagnaði bankinn 49 slík verkefni, miðað við stöðuna í lok desember 2016.

Alls eru 1.839 íbúðir í framangreindum verkefnum og koma þær allar á markað á árunum 2017 og 2018. Stærsti hluti íbúðanna er á höfuðborgarsvæðinu. Einnig lánaði bankinn til stórra verkefna á Selfossi, Akranesi og í Reykjanesbæ. Lætur nærri að þær íbúðir sem bankinn fjármagnar séu um helmingur þess íbúðarhúsnæðis sem kemur á markaðinn á þessum svæðum til ársloka 2018.

Tvö hótélanna sem bankinn fjármagnar eru í Reykjavík og tvö eru utan höfuðborgarsvæðisins. Samfelld fjölgun erlendra ferðamanna hefur leitt til þess að skortur er á gistingu, sér í lagi yfir sumarmánuðina. Landsbankinn hefur því verið áhugasamur um að sinna uppbyggingarverkefnum á því sviði. Það er ekki síst mikilvægt í ljósi þess að ferðaþjónusta er orðin stærsta gjald-eyrisskapandi atvinnugreinin í landinu.

Landsbankinn hefur fullan hug á að halda leiðandi stöðu sinni í mannvirkjafjármögnun, bæði vegna byggingu nýs íbúðarhúsnæðis og við áframhaldandi uppbyggingu í ferðaþjónustu. Bankinn sér fram á að takast á við ný og spennandi verkefni á þessum sviðum á næstu misserum.

Öflugur bakhjarl sjávarútvegsfyrirtækja

Saga Landsbankans er samofin sögu sjávarútvegsins hér á landi. Greininni hefur mjög vaxið fiskur um hrygg og um leið hefur þar orðið mikil endurnýjun og nýsköpun. Landsbankinn hefur tekið virkan þátt í þessari uppbyggingu, m.a. í verkefnum sem



snúa að endurnýjun á skipum og búnaði, verkefnum í laxeldi auk verkefna erlendis.

Samstarfs- og styrktarverkefni

Landsbankinn styður við og tekur þátt í fjölda samstarfs- og

styrktarverkefnum með fyrirtækjum og stofnunum. Sérfræðingar bankans taka þátt í klasasamstarfi í ólíkum geirum, svo sem Íslenska ferðaklasanum, Jarðhitaklasanum og Sjávarklas- anum.

Netöryggi

Landsbankinn hefur mikilvægu hlutverki að gegna í vörnum gegn netglæpum. Netglæpir verða sífellt flóknari og þróaðri. Ein mikilvægasta leiðin til að draga úr árásum er að miðla upplýsingum um þróun þessarar brotastarfsemi og hvernig fyrirtæki og einstaklingar geta varist henni.

Fyrirtæki sem veita þjónustu á netinu, lögregluþyriföld og rannsóknaraðilar verða að vinna náið saman til að reyna að koma í veg fyrir tjón af þessum völdum. Á sama hátt er það hlutverk fyrirtækjanna, banka þar á meðal, að veita sínum viðskiptavinum fræðslu og ráðleggingar. Það hefur Landsbankinn gert, m.a. með því að halda kynningarfundum fyrir fyrirtæki og með því að birta pistla og upplýsingar um netöryggismál á vef sínum.

Markaðir

Meginhlutverk Markaða er að annast þjónustu er snýr að sölu og miðlun verðbréfa, viðskiptavakt, fyrirtækjaráðgjöf og eignastýringu.

Markaðir Landsbankans náðu góðum árangri á árinu 2016. Helstu ástæður velgengninnar er aukið umfang viðskipta á nánast öllum sviðum. Mikil aukning var í gjaldeyrisviðskiptum og viðskiptum á markaði. Þá héldu umsvif Eignastýringar Landsbankans áfram að aukast á árinu. Heildareignir í stýringu hjá samtæðu Landsbankans námu 406 milljörðum króna í árslok 2016 en voru 340 milljarðar króna í lok árs 2015.

Markaðshlutdeild í lífeyris- sparnaði úr 17% í 19%

Landsbankinn býður bæði upp á lögbundinn lífeyrissparnað og viðbótarlífeyrissparnað. Þeim fjölgar sífellt sem velja að semja við Landsbankann um lífeyris-
sparnað en á síðustu fjórum árum hafa rúmlega 18 þúsund

einstaklingar samið við bankann um viðbótarlífeyrissparnað. Samningum um lögbundinn lífeyrissparnað hefur einnig fjölgað mikið og hefur fjöldi slíkra samninga áttfaldast á síðustu þremur árum. Á árinu 2016 gerðu um 1.500 einstaklingar samning um lögbundinn lífeyrissparnað. Markaðskannarnir sýna að Landsbankinn jók markaðshlutdeild sína í ávöxtun viðbótar-
lífeyrissparnaðar úr 17% í 19% á árinu 2016.

Landsbankinn rekur Íslenska lífeyrissjóðinn sem hefur náð góðum árangri á undanförunum árum.

Árið 2016 var ávöxtun Íslenska lífeyrissjóðsins góð miðað við markaðsaðstæður. Ávöxtun sér-
eignarleidda var góð en meðal-
vegin nafnávöxtun séreignar-
deilda sjóðsins var 3,0%, eða 0,9%
raunávöxtun.

Landsbankinn er helsti söluaðili verðbréfa- og fjárfestingarsjóða Landsbréfa. Veruleg aukning varð í sölu sjóðanna á árinu. Markaðshlutdeild sjóðanna jókst úr tæpum 18% í byrjun árs í rúm 25% í lok árs 2016.

Landsbankinn býður einnig upp á Lífeyrisbók Landsbankans, sem eru verðtryggðir og óverðtryggðir innlánsreikningar, auk Fjárvörslureiknings Landsbankans sem er safn erlendra verðbréfa. Þá sér Landsbankinn um rekstur Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands.

Alls nam lífeyrissparnaður sem Landsbankinn hefur umsjón með um 114 milljörðum króna í árslok 2016. Iðgjöld í lífeyrissparnað hjá Landsbankanum hafa farið ört

vaxandi á síðustu árum og námu um 11 milljörðum árið 2016.

Landsbankinn leggur mikla áherslu á vandaða ráðgjöf og góða þjónustu á öllum sviðum. Til að fylgja þeirri stefnu eftir sjá starfsmenn bankans alfarið um ráðgjöf og sölu á sviði lífeyrismála.

Leiðandi í markaðs- viðskiptum

Landsbankinn var með mestu hlutdeild á hlutabréfamarkaði í Kauphöll og næstmestu hlutdeild á skuldabréfamarkaði á árinu 2016. Keppinautar bankans á þessum markaði eru átta og samkeppnin er hörð. Landsbankinn er leiðandi á þessu sviði, með veltu upp á um 21% af heildarveltu í Kauphöllinni.

Öflug þjónusta og mikil reynsla af erlendum verðbréfiðskiptum

Mikil áhersla hefur verið lögð á að undirbúa afnám fjármagnshafa. Landsbankinn hefur frá því að fjármagnshöftin voru sett á árið 2008 haldið áfram að sinna þjónustu sem snýr að erlendum

verðbréfiðskiptum, þrátt fyrir að fáir viðskiptavinir hafi getað nýtt sér hana. Bankinn hefur lagt áherslu á að halda góðum tengslum við erlend sjóðastýringarfyrirtæki, enda er Landsbankinn með umboð fyrir mörg af helstu eignastýringarfyrirtækjum heims.

Landsbankinn hefur sömuleiðis viðhaldið góðum tengslum vegna verðbréfiðskipta erlendis og hefur þannig getað veitt viðskiptavinum aðstoð við erlend verðbréfiðskipti. Starfsmenn bankans hafa haldið áfram að byggja upp þekkingu sína á erlendum mörkuðum en hjá bankanum starfa sérhæfðir starfsmenn sem eingöngu sinna ráðgjöf og þjónustu vegna verðbréfiðskipta utan landsteinanna. Landsbréf, dótturfélag Landsbankans, hefur einnig rekið sjóði sem fjárfesta erlendis. Á

árinu 2016 var þjónusta Landsbankans á þessu sviði eflað enn frekar og gerð aðgengilegri fyrir viðskiptavinum. Liðurinn í því var stofnun nýs sjóðs, Landsbréf Global Portfolio. Sjóðurinn er ætlaður einstaklingum, fyrirtækjum og fagfjárfestum sem vilja fjárfesta í dreifðu og blönduðu safni erlendra hlutdeildarskírteina og innlána. Sjóðurinn leggur áherslu á fjárfestingar í erlendum hlutabréfasjóðum.

Landsbankinn hefur lagt áherslu á að halda góðum tengslum við erlend sjóðastýringarfyrirtæki, enda er bankinn með umboð fyrir mörg af helstu eignastýringar-fyrirtækjum heims.




Lesið í markaðinn – ítarlegt rit um eignastýringu og fjárfestingu

Á árinu 2016 stóð bankinn fyrir útgáfu á bókinni Lesið í markaðinn: Eignastýring og leitinn að bestu ávöxtun. Bókin fjallar um sögu fjárfestinga á alþjóðlegum verðbréfamörkuðum og er í henni sérstakur kafli um íslenska verðbréfamarkaðinn. Bókin er eitt ítarlegasta rit sem komið hefur út á íslensku um eignastýringu og fjárfestingu. Með útgáfunni vill bankinn stuðla að aukinni fagþekkingu og betri fjárfestingarákvörðunum.

Ítarlega var fjallað um starfsemi Markaða í nóvemberhefti fagtímaritsins Investor Review. Tímaritið veitti Landsbankanum viðurkenningu fyrir þá öflugu þjónustu sem bankinn veitir við fjárfestingar í hlutabréfum, bæði í gegnum miðlun og eignastýringu.

Minni ávöxtun á innlendum hlutabréfamarkaði

Árið 2016 var heldur þyngra á innlendum hlutabréfamarkaði en undanfarin ár. Úrvalsvísitala hlutabréfa, að teknu tilliti til



arðgreiðslna (OMXI8GI), lækkaði um 6,7% en hún hafði hækkað um 49% á árinu 2015. Þegar tekið hefur verið tillit til arðgreiðslna hækkuðu hlutabréf N1 mest, eða um 86,8%. Mesta lækkunin varð á hlutabréfum Icelandair, eða 32,8%. Hlutabréf Skeljungs voru tekin til viðskipta í Kauphöllinni og var það eina skráningin á hlutabréfamarkað á árinu.

Afkoma félaga í Kauphöllinni var yfirleitt góð á fyrstu þremur ársfjórðungum ársins. Segja má að íslenska hlutabréfamarkaðinum sé skipt í tvennt; annars vegar félög sem eru nær eingöngu háð hagsveiflunni hér innanlands, s.s. fasteignafélög, fjarskiptafélög og félög í smásölu og hins vegar félög sem afla mikils hluta tekna

sinna erlendis, s.s. Icelandair, Marel og Össur. Krónan styrktist nokkuð gagnvart helstu viðskiptamyntum á árinu en gengisvísitalan lækkaði um 15,5%. Styrkingin hafði töluverð áhrif á þau félög sem gera upp í erlendri mynt en eru með mikil útgjöld í krónum.



Árið var nokkuð viðburðaríkt úti í hinum stóra heimi. Forsetakosningar í Bandaríkjunum, óvissa um kínverska hagkerfið, hryðjuverk og útganga Bretanna úr Evrópusambandinu voru allt stóratburðir sem hafa áhrif á þau félög sem selja vörur og þjónustu til viðkomandi markaða.

Styrking gengis hafði áhrif á ávöxtun erlendra verðbréfa

Heimsvísitala erlendra hlutabréfa (MSCI World) lækkaði um 6,4% á árinu í íslenskum krónum og var það gengisstyrking íslensku krónunnar sem hafði mest áhrif á ávöxtunina.

Ávöxtun erlendra hlutabréfa í eigin mynt var ágæt. Ávöxtun heimsvísitölunnar í Bandaríkjadöllum var 7,3% og þessi jákvæða þróun var drifin áfram af góðri ávöxtun bandarískra hlutabréfa, en S&P 500 vísitalan hækkaði um 10,9% á árinu. Evrópsk hlutabréf hækkuðu eingöngu um 1,0% og japönsk hlutabréf um 2,4% á sama tímabili.

Þróun á erlendum mörkuðum tók mikið mið af fréttum. Árið 2016 hófst með slökum hagvaxtar-tölum frá Kína og væntingum um að hagvöxtur þar væri á undanhaldi. Höfðu markaðsaðilar áhyggjur af að það myndi hafa áhrif á hagvaxtarhorfur á heims-vísu.



Olíuverð hækkaði í upphafi árs og flókti töluvert út árið eftir miklar lækkanir undanfarin tvö ár.

Helsti áhrifavaldur á þróun olíuverðs voru tilraunir OPEC til þess að hafa áhrif á framleiðslu og

framboð olíu í heiminum. Í kjölfar hækkunar á olíuverði hækkuðu hlutabréf í nýmarkaðsríkjum, sem eru háð hrávöruframleiðslu. Vísitala hlutabréfa nýmarkaðsríkja hækkaði um 11,6% á árinu.

Mestu og óvæntustu tíðindin á erlendum mörkuðum voru tvímælalaust ákvörðun Breta um að ganga úr Evrópusambandinu og sigur Donald Trump í forsetakosningunum í Bandaríkjunum. Báðir atburðirnir leiddu til mikils flökts á hlutabréfamörkuðum.

Lægri vextir og lægri verðbólga áhrifavaldar á innlendum skuldabréfamarkaði

Stærstu áhrifavaldar innlends skuldabréfamarkaðar voru 0,75 prósentustiga lækkun stýrivaxta Seðlabankans, sú staðreynd að verðbólga hefur verið undir verðbólguþröðugumarkmiði í rúm tvö ár og lækkandi verðbólguálag á markaði.

Verðbólguálag á markaði fór í lok árs í fyrsta skipti undir verðbólguþröðugumarkmið Seðlabanka. Það

gerðist með töluverðri kröfumlækkun á óverðtryggðum skuldabréfum í kjölfar óvænttrar 0,5 prósentustiga lækkunar stýrivaxta í lok ágúst. Í desember fylgdi svo önnur 0,25 prósentustiga stýrivaxtalækkun. Stýrivaxtalækkun má rekja til mjög lágrar verðbólgu sem er tilkomin vegna mikillar styrkingar íslensku krónunnar. Styrkingin á rætur að rekja til mikils innflæðis gjaldeyris vegna ferðamanna og aukinnar erlendra fjárfestingar á Íslandi.

Besta ávöxtunin var í löngum, óverðtryggðum ríkisskuldabréfum og skilaði RIKB 31 13,7% ávöxtun og RIKB 25 11,9% ávöxtun á árinu.

Slakasta ávöxtunin var í stuttum verðtryggðum ríkisskuldabréfum, en RIKS 21 skilaði 3,6% ávöxtun á árinu.

Útgáfa skuldabréfa á árinu var í kringum 180 milljarðar. Þar af gaf ríkið út 60 milljarða og fjármálastofnanir 90 milljarða í gegnum sértryggð skuldabréf og víxla.

Gjaldeyrismarkaður

Árið á gjaldeyrismarkaði ein-kenndist af miklu innflæði gjaldeyris. Krónan styrktist gagnvart gjaldmiðlum allra helstu viðskiptalanda Íslands yfir árið; evran lækkaði um 16%, Bandaríkjadollar um 13% og sterlingspund um 28%. Gengisvísitalan lækkaði um 15,5%. Raungengi krónu miðað við hlutfallslegt verðlag í desember var 20% hærra en í desember 2015. Velta á gjaldeyrismarkaði árið 2016 var alls 701 ma.kr. Hún jókst töluvert milli ára, en til samanburðar var veltan 492 ma.kr. á árinu 2015.

Seðlabankinn keypti mikið af gjaldeyri á árinu, eða alls fyrir andvirði 386 ma.kr., en það samsvarar 55% af veltu á gjaldeyrismarkaði. Samfara þessum kaupum hefur gjaldeyrisvaraforði Seðlabankans stækkað og var í lok nóvember 806 ma.kr. Að frá-dregnum öllum skuldum ríkissjóðs og Seðlabankans í erlendum gjaldeyri var óskuldsettur gjaldeyrisforði 559 ma.kr.

Þróun í bankastarfsemi

Viðskiptavinir Landsbankans geta sinnt flestum algengum bankaviðskiptum á netinu eða í hraðbönkum og þurfa því ekki að heimsækja útibú nema það henti betur. Hlutverk banka er að breytast en þörfin fyrir fjármálaráðgjöf er óbreytt og jafnvel brýnni en áður.

Þróun og breytingar á starfsemi útibúa bankans snúast einkum um að bæta aðgengi að sjálfsafgreiðslu og styðja og kenna viðskiptavinum að nýta sér sjálfsafgreiðslulausnir. Þannig fjölga valkostum sem viðskiptavinum standa til boða og þeir geta átt betri bankaviðskipti.

Betri bankaviðskipti í útibúum

Á árinu 2016 voru gerðar breytingar á útibúum bankans í Hafnarfirði, Hamraborg og Mjódd. Það sem helst einkennir breytingar í útibúunum er að hraðbönkum, nettengdum tölvum og öðrum sjálfsafgreiðslulausnum er fjölgað verulega. Áður hafði starfsfólk verið þjálfað í að taka á móti viðskiptavinum og bjóða þeim aðstoð eða kennslu við að nýta sér lausnirnar. Kostirnir eru ótvíræðir - viðskiptavinurinn sparar sér tíma og fyrirhöfn, álag

í útibúunum minnkar og styttri bið er eftir þjónustu.

Reynslan af þessu verkefni hefur verið góð. Um það bil helmingur viðskiptavina sem áður sótti í útibú vegna einfaldari afgreiðslu, annast hana nú sjálfur í sjálfsafgreiðslu eða hefur virkjað möguleika til sjálfvirkni, t.d. með sjálfvirkri skuldfærslu.

Hlutverk útibúa hefur verið að breytast, frá því að sinna að stærstum hluta afgreiðslu á erindum sem viðskiptavinir geta nú sjálfir leyst í netbanka eða hraðbanka, yfir í að verða miðstöðvar fyrir fjármálaráðgjöf. Á árinu 2016 fengu um 8.000 viðskiptavinir Landsbankans svonefnda 360° fjármálaráðgjöf, sem er heildstæð ráðgjöf sem tekur á öllum hliðum fjármála.

Nánar er fjallað um 360° ráðgjöf í kaflanum um starfsemi Einstaklingssviðs.

Viðskiptavinir sem áður sóttu útibú en nýta nú sjálfsafgreiðslu og sjálfvirkni

53%
viðskiptavina


Stöðug framþróun í netbanka einstaklinga og fyrirtækja

Netbankar Landsbankans eru í stöðugri framþróun. Útlit, viðmót og öryggiskerfi netbanka fyrir tækja tók miklum breytingum á árinu 2016 og ýmsar gagnlegar viðbætur voru kynntar í netbanka einstaklinga og farsímabankanum L.is.

Útlit netbankanna hefur verið samræmt sem styrkir heildar-yfirbragð viðmóts og dreifileiða en auðveldar einnig þróun og forritun þar sem notast er við sameiginlegar einingar í öllum netbönkunum.

Yfirdráttarheimild í netbanka einstaklinga og farsímabanka

Nú geta viðskiptavinir sjálfir sótt um og breytt yfirdráttarheimild á reikningum sínum í netbanka einstaklinga og farsímabankanum. Ferlið byggir á sjálfvirkum lánaramma sem tekur mið af stöðu og viðskiptasögu hvers og eins og segir til um hversu háa yfirdráttarheimild, til viðbótar við núverandi skuldbindingar, viðskiptavinurinn getur fengið, án þess að gert sé lána- eða greiðslumat. Þessi nýjung bætir mjög þjónustu við viðskiptavini bankans, enda er mikill kostur að geta stillt yfirdráttarheimildina milliliðalaust þegar viðskiptavinur hentar. Búast má við frekari þróun í þessa átt, þ.e. að sífellt fleiri vörur og þjónustuþættir verði aðgengilegir í netbanka eða í gegnum aðrar sjálfsafgreiðslulausnir.



Breytingar á viðmóti í netbanka fyrirtækja

Á árinu 2016 voru miklar endurbætur gerðar á útliti netbanka fyrirtækja með það fyrir augum að auðvelda notkun hans, bæta læsileika og gera hann spjaldtölvuvænan. Allar aðgerðir og yfirlit eru enn til staðar en útlitið hefur verið fært í nýjan búning með breyttu lettri, töflum, hnöppum og innsláttarreitum. Breytingarnar voru liður í að samræma útlit og virkni netbankanna.

Notkun fyrirtækja á sjálfsafgreiðslulausnum aldrei meiri

Starfsmenn fyrirtækja leysa í vaxandi mæli úr erindum sínum án aðkomu starfsmanna bankans. Á árinu 2016 sáu fyrirtæki sjálf

um framkvæmd 94,5% allra greiðslna.

Notendum netbanka fyrirtækja fjölgaði um rúm 12% árið 2016. Á sama tíma fjölgaði innskráningum í netbanka fyrirtækja um tæp 15% og síðuflettingar jukust um tæp 12%. Sífellt fleiri viðskiptavinir kjósa að nota app til auðkenningar í stað plastlykils áður. Í árslok var appið notað við 41% innskráninga en plastlykillinn við 59% innskráninga.

Landsbankinn vinnur stöðugt að því að bæta tæknilausnir sínar. Á árinu 2016 var mikil áhersla lögð á endurnýjun netbanka fyrirtækja. Á árinu voru kynnt til sögunnar ný kreditkortayfirlit og verðbréfayfirlit, auk þess sem ný og sveigjanlegri aðgangsstýring leit dagsins ljós.


Ýmsar fleiri lagfæringar hafa verið gerðar á netbanka fyrirtækja og nýir valmöguleikar kynntir til sögunnar. Í þeirri umbótavinnu hefur megináhersla verið lögð á að auka framboð á upplýsingum og bæta framsetningu þeirra.

Mest aukning í innskráningu í farsímabanka

Notkun allra netbankanna eykst ár frá ári. Mest aukningin er í farsímabankanum, l.is, en mánaðarlegum innskráningum í hann fjölgaði um 47% frá janúar 2016

til desember 2016 og árlegum innskráningum fjölgaði um 73% árið 2016 miðað við árið á undan. Notkun á farsímabankanum hefur aukist mun hraðar en notkun netbanka einstaklinga.

Farsímabanki Landsbankans var valinn besta vefappið árið 2016 af dómnefnd Íslensku vefverðlaunanna en verðlaunin voru afhent 27. janúar 2017.



Mikil áhersla á öryggismál

Landsbankinn leggur mikla áherslu á öryggismál. Bankinn tekur þátt í margvíslegu samstarfi á sviði öryggismála, m.a. í öryggishópi norrænna banka. Landsbankinn notar öryggiskerfi frá RSA sem er eitt stærsta fyrirtæki heims á sviði netöryggislausna. Kerfi RSA eru mjög öflug en samstarfið og sérþekkingin sem bankinn fær aðgang að er ekki síður verðmæt.

Í september hlaut Landsbankinn hina eftirsóttu viðurkenningu „Best in Class 2016“ frá RSA. Verðlaunin voru veitt fyrir aðferðir og nýjungar við að samnýta öryggiskerfi RSA og aðrar öryggislausnir bankans.

Nýtt öryggiskerfi í netbanka fyrirtækja

Nýtt öryggiskerfi frá RSA var tekið í notkun í netbanka fyrirtækja á árinu. Nýja öryggiskerfið sameinar áhættugreiningu og notkun auðkennislykla með það fyrir augum að hámarka öryggi og koma í veg fyrir fjársvik.

Áhættugreining felst í því að öryggiskerfið lærir að þekkja hegðun og aðstæður hvers viðskiptavinar og fylgist með frávikum frá venjunni.

Landsbankinn býður tvær leiðir til að framkalla auðkennisnúmer, með appi annars vegar og auðkennislykli úr plasti hins vegar. Nota má appið og auðkennislykilinn jöfnum höndum, allt eftir því hvað hentar betur hverju sinni.

Nýjar reiknivélar fyrir bílafjármögnun og íbúðalán

Nýjar reiknivélar fyrir bílafjármögnun og íbúðalán voru gerðar aðgengilegar á ytri vef bankans á árinu. Reiknivélarnar eru einfaldar í notkun og bjóða upp á fleiri möguleika en áður.

Í nýrri reiknivél fyrir íbúðalán geta viðskiptavinir nú skoðað þrjú mismunandi lán á sama tíma og borið saman afborganir og kostnað af hverri lánstegund fyrir sig. Einfalt er að setja upp grunn-dæmi í reiknivélinni; einungis þarf að velja markaðsverð fasteignar og upphæð þess láns sem viðskiptavinur hyggst taka. Ekki er nauðsynlegt að velja eitt lán af hverri tegund, verðtryggt, óverðtryggt og blandað, heldur er hægt er bera saman þrjú óverðtryggt


lán, þrjú verðtryggð lán eða þrjú blönduð lán (eða tvö lán af einni tegund og eitt af annarri).

Reiknivélin fyrir bílafjármögnun er að sama skapi einföld. Viðskiptavinur skráir einfaldlega kaupverð bifreiðar, þá upphæð sem hann hefur þegar til ráðstöfunar og hve langt lánið eða bílasamningurinn á að vera. Reiknivélin sýnir þá mánaðarlega greiðslu, kostnað og greiðsluáætlun. Niðurstöður breytast jafnóðum og forsendum er breytt.

Notkun hraðbanka minnkaði um 5% á milli ára. Á hinn bóginn hækkaði heildarfjárhæð reiðufjár sem tekið var út um 13% á milli árunna 2015 og 2016. Líkt og undanfarin ár varð töluverð aukning á notkun hraðbanka Landsbankans að sumarlagi, færslum fjölgaði og hærri fjárhæðir voru teknar út.

Landsbankinn hefur undanfarin ár fjölgað hraðbönkum af nýrri kynslóð en í þeim er bæði hægt að taka út og leggja inn reiðufé. Samhliða fjölgun þessara innlagnarhraðbanka hefur notkun þeirra aukist til mikilla muna.


Sem fyrr rekur Landsbankinn víðfeðmasta hraðbankanetið á Íslandi en í árslok 2016 rak bankinn 75 hraðbanka á 63 stöðum víða um land.



Breytingar á útibúaneti

Í árslok 2014 rak Landsbankinn 32 útibú og afgreiðslur. Eftir sameiningu Landsbankans og Sparisjóðs Vestmannaeyja og Sparisjóðs Norðurlands árið 2015 fjölgaði útibúum og afgreiðslum bankans og eru þau nú 37. Landsbankinn rekur sem fyrr langvíðfeðmasta útibúanet íslenskra banka.

Í ársbyrjun 2016 flutti afgreiðsla Landsbankans á Seyðisfirði í húsnaði sýslumannsins á Austurlandi að Bjólfsgötu 7 á Seyðisfirði. Landsbankinn hafði rekið útibú í Flugstöð Leifs Eiríkssonar frá opnun flugstöðvarinnar, en varð undir í útboði Isavia um áframhaldandi leigu og lokaði því afgreiðslu sinni 30. apríl 2016.




Á árinu 2016 var útibúið á Hvammstanga gert að afgreiðslu sem heyrir til útibúsins á Sauðárkróki. Samskonar breyting verður gerð í Þorlákshöfn á árinu 2017 og mun afgreiðslan þar heyra til Landsbankans á Selfossi. Þessar breytingar eru gerðar í hagræðingarskyni en þær hafa lítil sem engin áhrif á viðskiptavinum bankans eða þá þjónustu sem er í boði á þessum stöðum.

Mannauður og samfélag


Landsbankinn vill vera til fyrirmyndar og ætlar sér veigamikið hlutverk í uppbyggingu velferðar í íslensku samfélagi. Samfélagsstefna bankans miðar að því að stuðla að sjálfbærni, að bankinn verði hreyfiafl og starfi eftir ábyrgum stjórnarháttum.

Bankinn leggur áherslu á að tryggja launajafnrétti og jöfn starfstækifæri. Á árinu 2016 hlaut Landsbankinn gullmerki jafnlaunaúttektar PwC í annað sinn. Bankinn hefur það að markmiði að hlutur hvors kyns um sig í forystusveit bankans verði aldrei minni en 40%.



Mannauður

Landsbankinn vill vera eftirsóttur vinnustaður þar sem metnaður, frumkvæði og hæfileikar starfsfólks fá notið sín. Bankinn hefur innleitt aðferðafræði árangursstjórnunar til að styðja öfluga fyrirtækjamenningu þar sem allir starfsmenn bera ábyrgð á að árangur náist.



Mannauður

Landsbankinn vill vera eftirsóttur vinnustaður þar sem metnaður, frumkvæði og hæfileikar starfsfólks fá notið sín. Bankinn hefur innleitt aðferðafræði árangursstjórnunar til að styðja öfluga fyrirtækjamenningu þar sem allir starfsmenn bera ábyrgð á að árangur náist.

Mannauðsstefna Landsbankans endurspeglar áherslu bankans á gott starfsumhverfi þar sem starfsánægja og öflug þekkingarmiðlun er í fyrirrúmi. Bankinn leggur áherslu á að tryggja launajafnrétti og jöfn starfstækifæri.

Jafnréttismál

Landsbankinn hefur unnið markvisst að jafnréttismálum í gegnum tíðina og birt eigin greiningar um laun kynjanna. Í lok árs 2016 hlaut Landsbankinn gullmerki jafnlaunaúttektar PwC annað árið í röð. Landsbankinn var fyrstur banka á Íslandi til að hljóta gullmerkið árið 2015 og er stærsta fyrirtækið á Íslandi sem hefur fengið þessa viðurkenningu.




Bankinn leggur áherslu á að tryggja jafnrétti til launa og hvað varðar starfstækifæri. Gullmerki PwC er mikilvæg staðfesting á stöðu jafnréttismála í bankanum og er jafnframt hvatning til að viðhalda þeirri stöðu til framtíðar. Í jafnréttisstefnu bankans kemur m.a. fram að í Landsbankanum skuli karlar og konur hafa jafna möguleika til starfsframa og njóta sömu réttinda í starfi.

Í stefnunni kemur einnig fram að Landsbankinn stefni að jöfnu hlutfalli kynja meðal starfsmanna, að hjá bankanum skuli störf ekki flokkast sem karla- eða kvennastörf og að konum og körlum skuli greidd sömu laun fyrir jafnverðmæt störf. Þá líðast hvorki einelti, fordómar né kynbundin eða kynferðisleg áreitni.

Fyrirtækjamenning

Unnið er markvisst að því að styðja fyrirtækjamenningu þar sem viðskiptavinurinn er í fyrirrúmi, samstarf er öflugt, framfarir stöðugar og allir starfsmenn taka ábyrgð á árangri. Á árinu var unnið áfram með aðferðafræði árangursstjórnunar sem innleidd



var 2015 með það að markmiði að styrkja framangreinda menningu enn frekar. Í stuttu máli gengur árangursstjórnun út á að einbeita sér að því sem skiptir mestu máli fyrir árangur.

Með aðferðafræðinni er fest í sessi áhersla á skýra markmiðasetningu starfseininga og starfsmanna, eftirfylgni markmiða og mat á því hvernig árangur eininga hefur áhrif á heildarmarkmið bankans. Mikil áhersla hefur verið lögð á þátttöku allra starfseininga og hefur árangur verið mjög góður.

Öflugir og sterkir stjórnendur gegna lykilhlutverki í þessari framtíðarsýn, bæði sem virkir þátttakendur og sem fyrirmyndir.

Hluti af innleiðingu fyrirtækja-
menningar er skilgreining á hlut-
verki stjórnenda. Stjórnendalíkan
Landsbankans tilgreinir til hvers
er ætlast af stjórnendum. Þeir
þurfa að hafa persónulegan styrk
sem felst m.a. í heilindum, sterkri
sjálfsvitund og jákvæðu viðhorfi.

Stjórnendum er ætlað að byggja
öfluga liðsheild með því að sinna
starfsþróun einstaklinga, hvatn-
ingu og tryggja gott samstarf.
Hver stjórnandi tekur ábyrgð á
árangri sinna starfsmanna, setur
skýr markmið, fylgir þeim eftir og
tryggir fagmennsku. Stöðugt þarf
að huga að stefnu og sýn Lands-
bankans til þess að tryggja áfram-
haldandi framfarar. Öll starfsemi
miðar svo að því að efla bankann
svo hann geti sinnt því hlutverki
að vera traustur samherji.

Frammistöðusamtöl


Í Landsbankanum er notað
frammistöðumatskerfi. Hver
starfsmaður á árlegt frammi-

stöðusamtal við yfirmann sinn
og fær skýra umsögn um vinnu
sína, endurgjöf um það sem vel
hefur gengið og það sem betur
mætti fara. Þungamiðja sam-
talsins er markmiðasetning þar
sem línurnar eru lagðar fyrir
næsta misseri. Samkvæmt vinnu-
staðagreiningu eru starfsmenn
ánægðir með samtölin og telja
þau skila árangri.

Vinnustaðagreining og bankapúlsinn

Landsbankinn framkvæmir
ítarlega vinnustaðagreiningu á
fyrsta fjórðungi hvers árs og aðra
viðaminni um haustið. Sú síðar-
nefnda kallast bankapúlsinn og
er ætlað að fylgja eftir þeim um-
bótamarkmiðum sem sett eru í
kjölfar vinnustaðagreiningarinn-
ar. Saman gefa þessar kannanir
mikilvægar vísbendingar um við-
horf starfsmanna til vinnustaðar
síns og um starfsánægju þeirra.

Niðurstöður bankapúlsins, sem



birtar voru í október 2016, sýndu
að starfsánægja innan bankans er
mikil og hefur aukist. Um haustið
hófust mánaðarlegar mælingar
til að fylgjast enn frekar með
ánægju starfsmanna.

Fræðslustarf

Hjá Landsbankanum er litið á
hæfni og fagþekkingu starfs-


fólks sem nauðsynlega forsendu árangurs. Markviss fræðslustefna, fjölbreytt námskeið og hvatning til símenntunar sýna að Landsbankinn er til fyrirmyndar í fræðslustarfi fyrir starfsmenn. Fræðslustarf bankans er unnið eftir gæðavottun skv. viðmiðum European Quality Mark (EQM) sem veitt er af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

Á árinu 2016 hefur verið lögð áhersla á sérsniðna þjálfun sem tengist stefnuverkefnum bankans. Má þar nefna umfangsmikla stjórnendaþjálfun og vinnustofur um innleiðingu breytinga og samfélagslega ábyrgð. Í þjálfun framlínustarfsfólks hefur verið lögð áhersla á að auka gæði ráðgjafar og að treysta sambandið við viðskiptavini.

Árið 2016 var boðið upp á um 200 fræðsluviðburði og þátttakendur voru um 3.500. Hver starfsmaður bankans sótti að meðaltali um 3 viðburði í fræðsludagskránni. Meirihluti starfsmanna bankans er virkur

í símenntun þar sem 81% þeirra sóttu sér einhverja starfstengda símenntun árið 2016, innan eða utan bankans. Meðalfjöldi

fræðslustunda á hvert stöðugildi á árinu 2016 var 12,2 klukkustundir.



Fræðslustarf í tölum	
3.500	Þátttakendur í fræðsluviðburðum hjá Landsbankanum á árinu 2016 voru 3.500 talsins.
200	Boðið var upp á 200 fræðsluviðburði hjá Landsbankanum á árinu 2016.
81%	81% starfsmanna bankans sótti sér einhverja starfstengda símenntun árið 2016.
12,2	Meðalfjöldi fræðslustunda á hvert stöðugildi á árinu var 12,2 klukkustundir.
3	Hver starfsmaður bankans sótti að meðaltali 3 viðburði í fræðsludagskránni.

Samfélagsábyrgð

Samfélagsábyrgð er mikilvægur þáttur í starfsemi Landsbankans og rík áhersla er lögð á að hún sé samþætt stefnumörkun bankans í heild. Landsbankinn vill vera í fararbroddi í uppbyggingu velferðar til framtíðar í íslensku samfélagi.

Samfélagsstefna Landsbankans miðar að því að stuðla að sjálfbærni í íslensku samfélagi, vera hreyfiafl og starfa eftir ábyrgum stjórnarháttum. Undanfarið hefur áhersla verið lögð á ábyrg fjármál, en skýr stefna í samfélagsábyrgð hefur jákvæð áhrif á gæði útlána og fjárfestinga til lengri tíma, auk þess sem hún dregur úr rekstraráhættu. Landsbankinn var eitt þeirra fyrirtækja sem stóðu að stofnun Festu, miðstöðvar um samfélagsábyrgð, árið 2011.


Lykilorðið er samstarf

Samfélagsstefna Landsbankans var samþykkt í maí 2011 og,

eftir mikla stefnumótunarvinnu veturinn 2014-2015, var ný stefna kynnt í mars 2015. Stefnan var svo endurskoðuð og samþykkt 30. nóvember 2016.

Samstarf er lykilorðið í stefnunni. Í því felst að Landsbankinn, ásamt viðskiptavinum sínum, nýti þau tækifæri sem felast í að vinna að sjálfbærni. Landsbankinn ætlar að vera hreyfiafl í samfélaginu og vinna með öðrum fyrirtækjum og hagsmunaaðilum að samfélagsábyrgð.

Megináherslan er sem fyrr á að vera traustur samherji og til fyrirmyndar, í samfélagsábyrgð jafnt sem öðrum málaflokkum. Hingað til hefur mest verið litið til eigin reksturs (fasteignir,



farartæki og mannauðsmál) en nú verður lögð aukin áhersla á vöruframboð bankans, útlán og fjárfestingar.

Framkvæmdahluta stefnunnar er skipt í tvennt, annars vegar að-

gerðaaætlun til ársloka 2018 og hins vegar markmið og verkefni bankans til framtíðar. Það er trú bankans að skýr stefna í samfélagsábyrgð hafi jákvæð áhrif á gæði útlána og fjárfestinga til lengri tíma, auk þess sem hún minnki rekstraráhættu bankans.

Við mótun stefnunnar var áhersla lögð á viðtæka aðkomu tekju-sviða bankans til að tryggja að samfélagsábyrgð yrði hluti af kjarnastarfsemi bankans. Stefnan grundvallast á niðurstöðum tveggja daga vinnufundar forstöðumanna frá Fyrirtækjasviði, Einstaklingssviði, Mörkuðum, Mannauði, Markaðsdeild og Rekstri og upplýsingatækni. Stefnan hefur þannig viðtæka skírskotun í alla starfsemi bankans.

Landsbankinn gerðist aðili að UN Global Compact árið 2006. UN Global Compact er samstarfsverkefni Sameinuðu þjóðanna og atvinnulífsins til að fylgja eftir markmiðum Sameinuðu þjóðanna. Verkefnið snýst um að hvetja fyrirtæki til að sýna samfélagsábyrgð í verki. Fyrirtæki sem staðfesta samkomulagið kjósa að fylgja viðmiðum Sameinuðu þjóðanna með það

að markmiði að efla sjálfbærni í rekstri og framfylgja ábyrgum viðskiptaháttum.

Ítarleg samfélags- og framvinduskýrsla

Samfélagsskýrsla Landsbankans er rituð árlega samkvæmt viðmiðum Global Reporting Initiative (GRI). Skýrslan inniheldur samanburðarhæfar upplýsingar frá ári til árs og áhersla er lögð á að leggja fram greinargóðar lýsingar á þeim aðferðum sem viðhafðar eru við innleiðingu og þróun samfélagsábyrgðar í Landsbankanum. Samfélagskýrslan gegnir einnig hlutverki framvinduskýrslu til UN Global Compact.

Í samfélagskýrslunni er fjallað um þau fjölmörgu verkefni sem bankinn vinnur að sem tengjast samfélagsábyrgð. Þau tengjast rekstrinum, starfsfólkinu og samfélaginu og miða að sparnaði í rekstri, betri nýtingu fjármuna, heilbrigðari lífsmáta og þátttöku bankans og starfsmanna í verkefnum utan bankans.

Áhersla á ábyrg fjármál

Í Landsbankanum er markvisst unnið að innleiðingu á stefnu í ábyrgum fjárfestingum til að gera bankanum kleift að samþætta samfélagsábyrgð og fjárfestingarákvarðanir. Það er mat bankans að samþætting umhverfismála, samfélagsmála og góðra stjórnarháttanna við mat á fjárfestingarkostum leiði til betri ákvarðanatöku, hafi jákvæð áhrif á ávöxtun fjárfestinga til lengri tíma og dragi úr rekstraráhættu.

Viðskiptaumhverfið er að breytast og frammistaða í sjálfbærni og samfélagsábyrgð er farin að hafa áhrif á hvernig áhætta í fyrirtækjarekstri er metin, sem og vaxtarmöguleika fyrirtækja.

Bankinn fékk aðild að United Nations Principles for Responsible Investment (UN PRI) í byrjun árs 2013. Stefna Landsbankans um ábyrgar fjárfestingar er sett með hliðsjón af reglum UN PRI og tekur mið af reglum um áhættuvilja, stórar áhættuskuldbindingar og hámark heildaráhættu, rekstraráhættu, orðsporsáhættu, lausafjáraáhættu og góða stjórnarhætti. Þau fyrirtæki sem gangast

undir reglur UN PRI skuldbinda sig til að veita upplýsingar um hvernig tekið er tillit til þessara þátta í framvinduskýrslu.

og aðgerðir, kynna markmið sín og árangur og hafa áhrif á önnur fyrirtæki með fordæmi sínu og fyrirmynd.

ábyrgð verði hluti af almennum greiningum í framtíðinni í samræmi við skuldbindingar bankans um ábyrgar fjárfestingar.

Ráðstefna um ábyrgar fjárfestingar

Í september stóð bankinn fyrir fjölmennri ráðstefnu um ábyrgar fjárfestingar og innleiðingu þeirra á Íslandi. Aðalræðumaðurinn var Gil Friend frá Natural Logic Inc. en hann er talinn einn af áhrifamestu mönnum Bandaríkjanna á sviði samfélagsábyrgðar.

Í erindi sínu fjallaði Friend um margþættan ávinning fyrirtækja af að marka sér skýra stefnu um samfélagsábyrgð og sjálfbæran rekstur. Það geti til að mynda lækkað rekstrarkostnað og aukið nýsköpun. Mikilvægust væru þó áhrif aðgerða eða aðgerðaleyfis á ímynd og orðspor fyrirtækja. Hann segir nauðsynlegt fyrir fyrirtæki og starfsfólk að taka virkan þátt í ferlinu, greina áhættu í rekstrinum, móta stefnu

Fyrirbyggjandi aðgerðir og virkar samræður

Landsbankinn vill, með samræðum við fyrirtæki um samfélagsábyrgð, leggja áherslu á fyrirbyggjandi aðgerðir til að hagur bankans og fjárfesta verði betur tryggður til framtíðar. Starfs hættir Landsbankans varðandi ábyrgar fjárfestingar byggja á virkum samræðum þar sem neikvæð skimun (útilokun) er undantekningartilvik.

Viðbótarviðmið við greiningu fjárfestinga

Í nóvember hóf Hagfræðideild Landsbankans að greina á skipulagðan máta starfsemi skráðra fyrirtækja með hliðsjón af sjálfbærni og samfélagsábyrgð. Markmiðið er að samfélags-

Orðsporsáhætta

Í stefnu bankans um orðsporsáhættu, sem samþykkt var í mars, áskilur Landsbankinn sér rétt til að hafna viðskiptum við aðila sem geta valdið hættu á tjóni á orðspori bankans. Þessir aðilar eru þau undantekningartilvik sem nefnd eru sem hluti af neikvæðri skimun.

Dæmi um aðila er geta valdið orðsporsáhættu

- » Þeir sem grunaðir eru um peningapvætti eða fjármögnun hryðjuverka.
- » Þeir sem koma að vopnaframleiðslu.
- » Þeir sem koma að framleiðslu og/eða dreifingu ólöglegra eiturefna.

- » Þeir sem bjóða upp á veðmál og/eða happdrætti sem ekki starfa samkvæmt íslenskum lögum.
- » Þeir sem framleiða, dreifa eða annast greiðslubjónustu fyrir klám, mansal og/eða vændi.

Öflug jafnréttisstefna

Landsbankinn vill vera í fremstu röð í jafnréttismálum. Landsbankinn greiðir sömu laun fyrir sömu störf og tryggir að á meðal starfsmanna sé ekki til staðar óútskýrður kynbundinn launamunur.

Í ár hlaut bankinn gullmerki jafnlaunaúttektar PwC í annað sinn en hann var fyrstur banka á Íslandi til þess að hljóta gullmerkið árið 2015. Gullmerki PwC er mikilvæg staðfesting á stöðu jafnréttismála í bankanum og er jafnframt hvatning til að viðhalda þeirri stöðu til framtíðar. Landsbankinn leggur áherslu á að ráða jafnt konur sem karla í

stjórnunarstöður. Þá líðast hvorki einelti, fordómar né kynbundin eða kynferðisleg áreitni.

- » Í Landsbankanum eiga karlar og konur jafna möguleika til starfa og stjórnarsetu.
- » Landsbankinn stefnir að jöfnu hlutfalli kynja meðal starfsmanna bankans og forðast að skilgreina störf sem karla- eða kvennastörf.
- » Landsbankinn greiðir körlum og konum sömu laun fyrir jafnverðmæt störf.
- » Landsbankinn leggur áherslu á að starfsmenn geti samræmt vinnu sína og einkalíf.
- » Landsbankinn gætir þess að bæði kynin hafi jöfn tækifæri til starfsþróunar, náms og fræðslu.
- » Í Landsbankanum líðst hvorki einelti, fordómar né kynbundin eða kynferðisleg áreitni.

Landsbankinn skrifaði undir Jafnréttissáttmálann (Women's Empowerment Principles – Equality means Business), alþjóðlegt átak UN Women og UN Global Compact, árið 2011. Með undirskriftinni skuldbatt bankinn sig til að vinna að jafnréttismálum innan fyrirtækisins en í sáttmálunum eru sjö viðmið sem hafa skal að leiðarljósi við að efla konur innan fyrirtækja og auka þátt þeirra í atvinnulífinu.

Árið 2010 setti bankinn sér það markmið að hlutur hvors kyns um sig í forystusveit bankans yrði aldrei minni en 40%. Framkvæmdastjórar bankans eru nú sex, þrjár konur og þrír karlar.

Umhverfismál í brennidepli

Landsbankinn tók þátt í loftslagsverkefni Festu og Reykjavíkurborgar ásamt 102 öðrum fyrirtækjum. Verkefnið er hluti af aðgerðaáætlun í tengslum við Parísarfundinn um loftslagsbreytingar og felst í því að fyrirtækin skuldbinda sig til að setja

sér markmið og aðgerðaáætlun í samfélagsábyrgð til næstu 10 ára.

Landsbankinn stóð fyrir ráðstefnu um Parísarsamkomulagið í loftslagsmálum í Hörpu í febrúar. Markmið fundarins var að varpa ljósi á margvísleg áhrif sem aðgerðir gegn loftslagsbreytingum kunna að hafa á íslenskt atvinnulíf og fjárfestingar.

Bankinn hefur markvisst unnið að því að gera starfsumhverfið umhverfisvænna. Góður árangur hefur náðst í að draga úr pappírsnotkun og raforkunotkun bankans hefur minnkað til muna svo eitthvað sé nefnt.

Um 36% af bílum bankans teljast vistvænir

Í lok árs keypti Landsbankinn fjóra umhverfisvæna fólksbíla. Þar með er rúmlega þriðjungur af bílaflota bankans orðinn umhverfisvænn.

Þrír af nýju bílunum eru knúnir með metani og einn er rafmagns-

Hlutfall vistvænna bíla í bílaflota bankans

36%

bíll. Bílarnir eru ætlaðir til afnota fyrir starfsfólk sem þarf að nota bíl frá bankanum vegna vinnuferða. Stefnt er að því að fjölga metan- og rafmagnsbílum í bílaflota bankans á næstunni.

Fleiri samgöngusamningar

Markmið samgöngusamninga er að fjölga valmöguleikum starfsmanna hvað varðar samgöngur þannig að þeir geti nýtt sér þann ferðamáta sem best hentar hverju sinni; notað vistvænan ferðamáta þegar hentar en einnig haft aðgang að bíl þegar þess er þörf.

Hlutfall starfsmanna með samgöngusamning

40%

Í samgöngusamningi felst að starfsmenn skuldbinda sig til að nýta annan ferðamáta en einkabílinn vegna ferða til og frá vinnu í 60% tilvika. Bankinn endurgreiðir þeim útlagðan kostnað, allt að 84.000 krónum á ári eða 7.000 kr. mánaðarlega.

Um sl. áramót voru 424 starfsmenn með virka samgöngusamninga, eða 40% af heildarfjölda starfsmanna, sem er aukning frá 36,5% á fyrra ári. Af þeim sem eru með virka samgöngusamninga eru 257 konur og 167 karlar sem er sambærilegt við hlutfall kynjanna í starfsliði bankans.

Samstarf og stuðningur

Landsbankinn styður margvísleg samfélagsverkefni og tekur virkan þátt í fjölbreyttum samstarfsverkefnum sem stuðla að uppbyggingu og framþróun í samfélaginu. Þau eru af ýmsum toga og snerta margar hliðar samfélagsins, s.s. slysavarna- og björgunarstarf, menningu, nýsköpun, ferðaþjónustu og lýðheilsu.

Samfélagsstuðningur Landsbankans er mikilvægur liður í stefnu bankans um samfélagsábyrgð. Bankinn styður margvísleg samfélagsverkefni með fjárframlögum úr Samfélagssjóði, með stuðningi útibúa við verkefni í nærsamfélagi og með gagnkvæmum samstarfssamningum.

Fjárhagslegur stuðningur Landsbankans til stærri samfélagsverkefna nam rúmlega 89 milljónum króna árið 2016. Þess utan styðja útibú bankans margvísleg verkefni í sinni heimabyggð, þ.m.t. íþrótt- og æskulýðsstarf, mannúðarfélög og frjáls félaga-

samtök. Mikil áhersla er lögð á að bjóða viðskiptavinum þjónustu og ráðgjöf með skýra samfélagslega tengingu. Þá leggur bankinn áherslu á að vera virkur þátttakandi í samfélagsverkefnum með ráðgjöf og sjálfbodastarfi starfsmanna.

Bankinn styrkir samfélagsverkefni einkum með þrennum hætti. Í fyrsta lagi í gegnum Samfélagssjóð, þar sem engar kröfur eru gerðar á móti styrkjum, í öðru lagi með samstarfssamningum með gagnkvæmum ávinningi og loks fyrir tilstilli útibúa sem styðja vel við bakið á verkefnum í heimabyggð.

Heildarstuðningur við samfélagsmál

89

milljónir króna

Samfélagssjóður

Samfélagssjóður Landsbankans gegnir lykilhlutverki í stuðningi bankans við samfélagið. Árið 2016 voru veittir þrenns konar styrkir: námsstyrkir að upphæð sex milljónir, umhverfisstyrkir að upphæð fimm milljónir og samfélagsstyrkir að upphæð fimmtán milljónir, alls 26 milljónir króna.

Samfélagsstuðningur bankans hefur verið í föstum skorðum síðustu ár. Áhersla er lögð á að stuðningur við samfélagið sé fjölbreyttur og að hann nýtist mörgum. Bankinn hefur sett sér þá reglu að dómnefndir skuli skipaðar fagfólki að meirihluta og að farvegur fyrir afgreiðslu styrkja sé skýr til þess að viðskiptavinir bankans og aðrir landsmenn hafi jafna möguleika til að sækja um styrki.

Markmið með styrkjum úr Samfélagssjóði

- » Fjölbreyttur stuðningur við samfélagið sem nýtist mörgum.
- » Fagfólk skipar meirihluta dómnefnda.

- » Jafnræði og dreifing við úthlutun styrkja er tryggð eins og kostur er.
- » Skýr farvegur fyrir styrkveitingar bankans.

Öflug tenging við samfélagið

Landsbankinn leitast við að auka beina þátttöku starfsmanna í samfélagsverkefnum, m.a. með ráðgjöf og sjálfböðastarfi á vinnutíma. Starfsmenn hafa boðið fram sérfræðiþekkingu sína við ráðgjöf á ýmsum sviðum sem tengjast fjármálum og nýsköpun. Þá hefur starfsfólk setið í dómnefndum, meðal annars í frumkvöðlakeppninni Gullegginu.

Landsbankinn og Slysavarnafélagið Landsbjörg hófu víðtækt samstarf á árinu sem felur í sér að bankinn verður einn af helstu bakhjörllum félagsins. Samstarfið við Landsbjörgu er eitt af fjölmörgum samstarfsverkefnum bankans á sviði samfélagsmála.

Landsbankinn tekur virkan þátt í verkefninu Fjármálavit sem Samtök fjármálafyrirtækja (SFF)

standa fyrir í samvinnu við aðildarfélögin. Markmiðið er að fræða nemendur tíunda bekkjar í öllum skólum landsins um grunnþætti fjármála og veita innblástur í kennslu um fjármál.



Slysavarnarfélagið Landsbjörg

Landsbankinn er einn af aðalstyrktaraðilum Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Bankinn vill styðja við bakið á öflugum slysa-varna- og björgunarstarfi um allt land. Slysavarnafélagið Landsbjörg er landssamtök björgunarsveita og slysavarnadeilda á Íslandi og ein stærstu sjálfböðaliðasamtök á Íslandi. Markmið starfseminnar er að koma í veg fyrir slys og bjarga mannlífum og verðmætum.



Hinsegin dagar

Landsbankinn styður réttinda-
baráttu hinsegin fólks á Íslandi
heilshugar og hefur verið stoltur
bakhjarl Hinsegin daga í Reykja-
vík frá upphafi. Auk þess að
styðja hátíðina með fjárframlagi
hefur Landsbankinn tekið að sér
að dreifa dagskrárriti hátíðar-
innar í öllum útibúum bankans í
því skyni að kynna hátíðina enn
betur um land allt. Í kringum
hátíðina skartar starfsfólk í öllum
útibúum lyklabandi í regnboga-
litunum.

Iceland Airwaves

Landsbankinn er stoltur bakhjarl
tónlistarhátíðarinnar Iceland
Airwaves. Stuðningur við ungt
tónlistarfolk sameinar samfélags-
ábyrgð bankans og viðleitni til

að veita listum og menningu í
landinu virkan stuðning. Líkt
og í fyrra fékk Landsbankinn
ungt og efnilegt tónlistarfolk til
að aðstoða við að hita upp fyrir
hátíðina, sem var haldin dagana
2.-6. nóvember, en fyrir valinu
urðu hljómsveitirnar East of my
Youth og RuGI, ásamt tónlistar-
manninum Auði.




Viðtöl við þetta efnilega tónlist-
arfólk má finna á Airwaves-vef
Landsbankans, en það kom einn-
ig fram á „off-venue“ tónleikum í
útibúi bankans við Austurstræti,
laugardaginn 5. nóvember, og
spilaði fyrir fullu húsi gesta við
góðar undirtektir. Landsbankinn
stóð ásamt öðrum að setningar-
tónleikum hátíðarinnar í Vest-
mannaeyjum, þar sem tónlistar-
fólkið Emmsjé Gauti og Hildur
tróðu upp við miklar vinsældir.



Skólahreysti

Landsbankinn er aðalbakhjarl
Skólahreysti og leggur keppninni
lið af krafti. Markmið Skóla-
hreysti er að hvetja börn til að
taka þátt í alhliða íþróttaupplifun
sem byggð er á grunnforsendum
almennrar íþróttakennslu og
þar sem keppendur vinna að
mestu leyti með eigin líkama í
þrautum. Vinsældir Skólahreysti
hafa aukist ár frá ári og keppa
nú yfir 600 krakkar fyrir hönd
skóla sinna, auk þess sem nokkur
þúsund krakkar eru virkir félagar
í stuðningsliðum. Auk Lands-
bankans nýtur Skólahreysti
stuðnings mennta- og menning-
armálaráðuneytisins, Norrænu
ráðherranefndarinnar, Toyota og
Íþrótt- og ólympíusambandsins.



UN Women

Landsbankinn hefur átt mjög gefandi samstarf við UN Women á Íslandi undanfarin ár og verið bakhjarl landsnefndarinnar í mikilvægum verkefnum. Bankinn er til að mynda bakhjarl HeForShe-verkefnisins en markmið þess er að hvetja karla og stráka til að láta til sín taka í baráttunni fyrir jafnrétti kynjanna á öllum vígstöðvum. Síðastliðið haust styrkti bankinn nýja HeForShe-herferð undir slagorðinu #Ekki hata sem ætlað var að berjast gegn netnóði. Mikilvægur hluti herferðarinnar var myndband sem sýnir hvernig gróft kynbundið ofbeldi í garð kvenna og stelpna grasserar á spjallþráðum.

Landsbankinn skrifaði árið 2011 undir Jafnréttissáttmálann (Women's Empowerment Principles – Equality Means Business), alþjóðlegt átak UN Women og

UN Global Compact. Með undirskriftinni skuldbatt bankinn sig til að vinna að jafnréttismálum innan fyrirtækisins.



Menningarnótt

Landsbankinn hefur verið virkur þátttakandi í Menningarnótt frá upphafi. Bankinn hefur bæði opnað dyr sínar fyrir gestum og gangandi og verið bakhjarl hátíðarinnar alla tíð. Það hefur verið bankanum kappsmál að fjárstuðningur hans renni beint til listamanna og -hópa sem skipuleggja viðburði á Menningarnótt.

Til að ná því markmiði var stofnaður sérstakur Menningarnæturfottur á vegum Höfuðborgarstofu og Landsbankans. Markmið hans er að veita frumlegum og sérstökum hugmyndum brautar-

gengi. Í ár fengu 32 verkefni styrki. Potturinn er góð viðbót við farsælt samstarf Höfuðborgarstofu og Landsbankans í gegnum tíðina. Fjölmenni lagði leið sína í útibú Landsbankans á Menningarnótt í ár þar sem boðið var upp á listaverkagöngu, harmónikkuleik og kórsöng, auk þess sem Leikhópurinn Lotta sló í gegn hjá yngstu gestunum og tónlistarmaðurinn Júníus Meyvant tróð upp.



Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur

Landsbankinn er bakhjarl Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, ásamt tíu öðrum fyrirtækjum. Landsbankinn hefur styrkt stofnun Vigdísar með veglegum hætti á síðustu árum. Styrkjum til stofnunarinnar verður varið til

daglegar starfsemi vegna undirbúnings Vigdísarstofnunar – alþjóðlegrar miðstöðvar tungumála og menningar, sem mun starfa undir merkjum Mennta-, vísinda, og menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO).

Með starfsemi alþjóðlegu tungumálamiðstöðvarinnar er ætlunin að heiðra störf Vigdísar í þágu tungumála og halda áfram því brautryðjendastarfi sem hún hefur unnið á alþjóðavettvangi sem fyrsti og eini velgjörðarsendihera tungumála í heiminum hjá UNESCO.



Knattspyrnusamband Íslands

Landsbankinn er bakhjarl Knattspyrnusambands Íslands. Ásamt fimm öðrum fyrirtækjum styrkir Landsbankinn uppbyggingarstarf íslenskrar knattspyrnu um

land allt, öll yngri landslið og A-landslið karla og kvenna.

Í tilefni af þátttöku karlalandsliðsins á Evrópumóttinu í Frakklandi stóð Landsbankinn ásamt öðrum bakhjörum KSÍ fyrir EM torgi á Ingólfstorgi og Arnarhóli. Þar gafst tækifæri til að horfa á alla leiki mótsins og upplifa frábæra skemmtun fyrir alla fjölskylduna.



Gulleggið

Landsbankinn er styrktaraðili Gulleggsins sem er árleg frumkvöðlakeppni á vegum Icelandic Startups. Meginmarkmið keppninnar er að skapa vettvang fyrir ungt athafnafólk til að öðlast þjálfun og reynslu í mótun nýrra viðskiptahugmynda og rekstri fyrirtækja. Samhliða keppninni er þátttakendum boðið

upp á námskeið, ráðgjöf og aðstoð sérfræðinga um allt frá mótun hugmynda til áætlanagerðar og þjálfunar í samskiptum við fjárfesta.




Konur í orkumálum

Félagið Konur í orkumálum er nýtt félag sem er opið öllum sem starfa við orkumál eða hafa áhuga á orkumálum á Íslandi. Markmið félagsins er að fræða og miðla upplýsingum um orkumál og jafnframt stuðla að betri tengslum milli kvenna sem starfa í orkugeiranum. Landsbankinn er bakhjarl félagsins.



Iceland Luxury

Landsbankinn hefur ásamt Icelandair Group, Bláa lóninu, og Meet in Reykjavík tekið höndum saman um stefnumarkandi verkefni til þriggja ára sem miðar að markaðssetningu á Reykjavík og Íslandi fyrir ferðamenn sem krefjast hágæðapjónustu. Verkefnið ber heitið Iceland Luxury og er hýst og því stjórnað af Meet in Reykjavík. Markmið þessa samkomulags er að stuðla að langtíma stefnumörkun á þessu sviði, styrkja ímynd Reykjavíkur og Íslands í augum vel stæðra ferðamanna, auka samtakamátt fyrirtækja sem starfa á þessum markaði, og hvetja til þróunar innviða og þjónustu fyrir þennan markhóp. Samstarfið er framhald af þeirri uppbyggingu sem hófst með stofnun Meet in Reykjavík árið 2012 og styður Landsbankinn einnig þá starfsemi.



Ísland allt árið

Landsbankinn hefur frá upphafi stutt markaðsverkefnið Ísland – allt árið. Tilgangur verkefnisins er að festa ferðapjónustu enn betur í sessi sem heilsársatvinnugrein og auka arðsemi hennar með það fyrir augum að skapa gjaldeyrstekjur fyrir þjóðarbúið. Markaðssetning fer fram undir formerkjum Inspired by Iceland og sér Íslandsstofa um framkvæmdina.

Fjármálafræðsla

Landsbankinn hefur um árabil lagt áherslu á fjármálafræðslu fyrir ungmenni í grunn- og framhaldsskólum. Bankinn tekur virkan þátt í verkefninu Fjármálavit, sem er kennsluefni í fjármálafræðslu fyrir nemendur í eldri bekkjum grunnskóla, en það



eru Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) sem standa að verkefninu í samstarfi við aðildarfélögin. Starfsfólk aðildarfélaga SFF um allt land heimsækir skóla á sínu svæði og miðlar námsefninu. Í ár hafa 30 starfsmenn Landsbankans tekið þátt í verkefninu og frætt nemendur víða um land. Fjármálavit hefur heimsótt alls 4300 nemendur í 10. bekk í vetur.



Aldrei fór ég suður

Landsbankinn er einn af aðalbakhjörllum rokkhátíðarinnar Aldrei fór ég suður sem haldin er á Ísafirði um hverja páska.

Landsbankinn hefur staðið á bak við hátíðina, sem stofnuð var af tónlistarmanninum Mugison og föður hans, allt frá árinu 2010 og vill með því sýna í verki stuðning sinn við grasrótastarf í íslenskri tónlist. Fríður hópur flytjenda kom fram á hátíðinni í ár, m.a. Emiliana Torrini, Agent Fresco og Úlfur Úlfur.



Stuðningur við íþróttir og æskulýðsstarf

Landsbankinn kappkostar að styðja íslenskt íþróttalíf. Það gera útibú bankans með beinum samstarfssamningum við íþróttafélög hringinn í kringum landið. Í slíku samstarfi leggur bankinn mikla áherslu á að styðja barna- og unglingastarf og að stuðningurinn nýtist körlum og konum jafnt.



Lánatryggingasjóðurinn Svanni

Í samstarfi við Svanna – lána-tryggingasjóð kvenna veitir Landsbankinn konum í atvinnurekstri lán sem sjóðurinn og bankinn ábyrgjast sameiginlega. Landsbankinn veitir helming ábyrgðar á móti sjóðnum og tryggir þannig konum í nýrri starfsemi rýmri aðgang að fjármagni en ella og eykur möguleika þeirra á að stofna fyrirtæki. Samstarfssamningurinn er liður Landsbankans í að efla atvinnulíf og hvetja til nýsköpunar í landinu.

Klasasamstarf í ferðaþjónustu

Landsbankinn hefur verið aðili að klasasamstarfi í ferðaþjónustu frá upphafi samstarfsins árið 2012.



Helsta markmið þess er að auka samkeppnishæfni og verðmætasköpun innan ferðaþjónustunnar og er verkefnið unnið í anda klasaaðferðafræði Michaels Porters. Að klasasamstarfinu standa lykilfyrirtæki á sviði ferðaþjónustu, opinberir aðilar og fyrirtæki sem styðja við eða eiga samstarf við greinina.



Öndvegissetur um verndun hafsins

Landsbankinn er einn af stofnaðilum Hafsins, öndvegisseturs um verndun hafsins, en setrinu

er ætlað að vinna að útfærslu hugmynda um verndun hafsins með því að draga úr mengun með grænni tækni. Verkefnið er í senn umfangsmikið og metnaðarfullt og er stutt af fjölmörgum aðilum auk Landsbankans. Hafið er vettvangur samstarfs fyrirtækja, opinberra aðila og rannsóknarstofnana sem vilja vinna að hafverndarmálum á alþjóðavettvangi



Ráðstefnuborgin Reykjavík

Landsbankinn er þátttakandi í samtökunum Ráðstefnuborgin Reykjavík, sem heldur úti kynningar- og markaðsstarfi undir nafninu „Meet in Reykjavík“. Markmið samtakanna er að fjölga ráðstefnugestum til Reykjavíkur og nágrennis, lengja ferðamannatímann inn í vetramánuðina og nýta þannig betur þá innviði sem


til staðar eru. Ráðstefnuborgin Reykjavík er samstarfsverkefni fjölmargra fyrirtækja, m.a. Icelandair, Reykjavíkurborgar og Hörpu tónlistarhúss, og er markhópurinn að stærstum hluta erlendir ráðstefnuhaldarar og gestir.



Háskólasjóður Eimskipafélagsins

Háskólasjóður Eimskipafélagsins er í vörslu Landsbankans og hefur starfað í núverandi mynd frá árinu 2005. Það ár voru gerðar veigamiklar breytingar á fyrirkomulagi sjóðsins með það að markmiði að veita styrki til stúdenta í rannsóknartengdu framhaldsnámi við Háskóla Íslands. Fyrsta úthlutun úr sjóðnum eftir þær breytingar fór fram árið 2006 og nú hafa yfir 80 doktorsnemar í fjölmörgum fræðis-

greinum stundað rannsóknir og nám við Háskóla Íslands með stuðningi sjóðsins.



Íslenski sjávarklasinn

Landsbankinn er samstarfsaðili Íslenska sjávarklasans, en tilgangur hans er að efla samkeppnishæfni og verðmæta-sköpun íslenskra fyrirtækja sem byggja afkomu sína á nýtingu sjávar, með beinum eða óbeinum hætti. Íslenski sjávarklasinn hefur frá stofnun stuðlað að framþróun og nýsköpun í þeim greinum sem mynda klasann, í samstarfi við fyrirtæki og menntastofnanir, og stendur fyrir útgáfu greininga og rannsókna af ýmsu tagi. Um 60 fyrirtæki og stofnanir í margvíslegri sjávar-tengdri starfsemi á Íslandi eiga formlega aðild að samstarfsvettvangi Íslenska sjávarklasans.

Útgáfa

Landsbankinn gefur út fjölbreytt efni um efnahagsmál og fjármál í viðum skilningi. Á árinu 2016 opnaði Umræðan, nýr umræðuvefur bankans, og Sprota-appið leit dagsins ljós. Útgáfan hefur skýra vísun í hlutverk Landsbankans sem hreyfiafl í samfélaginu.

Umræðan, umræðuvefur Landsbankans

Umræðan, nýr og glæsilegur umræðuvefur Landsbankans, opnaði í nóvember 2016. Á Umræðunni birtast áhugaverðar greinar um fjölbreytt efni, bæði um það sem er efst á baugi í fjármálaheiminum en einnig málefni sem tengjast breytingum í samfélaginu með einum eða öðrum hætti. Efnið hefur skýra vísun í hlutverk bankans sem hreyfiafl í íslensku samfélagi.

Greinarnar á Umræðunni spanna vítt efnissvið og myndbönd með viðtölum við sérfræðinga fylgja mörgum greinanna. Þróun á

fjármálamarkaði er ofarlega á baugi og um það vitna greinar um breytta notkun reiðufjár og breytingar á hlutverki bankaútibúa, svo dæmi séu tekin. Í öðrum greinum er fjallað um samfélags-tengd málefni sem ekki tengjast starfsemi bankans með beinum hætti, t.d. framtíðargreiningu, afkomu tónlistarfólks og áramótabrennur.

Á Umræðunni hefur kastljósinu einnig verið beint að öryggismálum. Ein grein fjallaði til að mynda um svokallaðar fyrir-mælafalsanir og hvernig megi forðast þær. Á undanförunum árum hefur tilraunum til fjársvika á netinu fjölgað umtalsvert og Landsbankanum er mikið í

Íslensku vefverðlaunin



Umræðan var valin **besta efnis- og fréttaveita** ársins 2016 á Íslensku vefverðlaununum.

mun að vara viðskiptavinum sína og aðra við hættum sem af slíkri glæpastarfsemi stafar. Fyrirhuguð er útgáfa fleiri greina um öryggismál á næstunni.

Þjóðhagsgreiningar Hagfræðideildar Landsbankans, Hagsjá og

Vikubyrjun, birtast einnig á Umræðunni. Í Hagsjá eru reglulegir pistlar um stöðu efnahagsmála, ríkisfjármála, um fasteigna- markaðinn, verðbólguhorfur og margt fleira. Í Vikubyrjun birtast upplýsingar um stöðuna á mörkuðum, vikan sem leið er gerð upp og sagt er frá því sem framundan er á sviði efnahagsmála, birtingu á hagtölum, uppgjörum o.s.frv.

Fjögur efnissvið

- » Samfélagið - Áhuga- verðar greinar og viðtöl um nýjungar og viðtækar breytingar sem eiga sér stað í starfsemi Landsbankans, í fjármálaheiminum og samfélaginu öllu.
- » Efnahagsmál - Greinar og rannsóknir um efnahagsmál frá Hagfræðideild Landsbankans.
- » Ráðstefnur - Fjölbreytt efni frá ráðstefnum og fundum bankans.
- » Fjárhagur - Styttri fræðslu- greinar þar sem starfsfólk Landsbankans miðlar af þekkingu sinni og reynslu um málefni er snerta fjár-

mál heimilisins og efnahagsmál.

Á Umræðunni má einnig finna upptökur, glærur og annað efni frá ráðstefnum á vegum bankans.

Spota-appið - Nýtt app Landsbankans fyrir börn

Á árinu 2016 kom út nýtt og bráðskemmtilegt app Landsbankans fyrir börn. Markmiðið var að útbúa séríslenskt app fyrir börn sem væri bæði fróðlegt og

skemmtilegt. Sprota-appið er sannkallaður ævintýraheimur með fjölbreyttum leikjum, sögum, tónlist og fræðslu fyrir krakka á öllum aldri. Sprota-appið er íslensk framleiðsla frá grunni. Kári Gunnarsson teiknari sá um hugmyndavinnu, hönnun og teikningar; Felix Bergsson ritaði sögu og texta og íslenska fyrir- tækið Aranja sá um forritunina.

Forritun Sprota-appsins fékk viðurkenningu á Íslensku vef- verðlauninum fyrir árið 2016. Auk þess var Sprota-appið til- nefnt sem besta vefappið.





Hægt er að hala appinu niður endurgjaldslaust í Google Play og App Store og það er bæði fyrir Apple og Android síma. Appið var í raun hugsað sem rafræn gjafavara til að kynna Sprotu og vini hans fyrir börnum á aldrinum 2-8 ára og forráðamönnum þeirra.

Hagfræðideildin gaf út 379 greiningar árið 2016

Hagfræðideild Landsbankans gegnir lykilhlutverki við að móta sýn Landsbankans á þróun og

horfur í efnahagslífinu, innanlands og utan. Deildin annast greiningu á hagkerfinu og gefur út þjóðhags- og verðbólguþspár, auk þess að sinna atvinnuvega- greiningum og öðrum sérhæfðari verkefnum. Deildin annast einnig greiningu og verðmat á skráðum félögum á markaði. Á árinu 2016 gaf Hagfræðideild alls út 379 greiningar, þar af 213 greiningar og spár um efnahagsmál og 166 greiningar í tengslum við skráð félög á hlutabréfamarkaði.

Í kjölfar kynningar Landsbankans á hagspá Hagfræðideildar í

Útgáfur Hagfræðideildar	
Þjóðhagsgreiningar	
Hagsjá	125
Þjóðhagur	2
Skuldabréfayfirlit	12
Vikubyrjun	50
Gjaldeyrismarkaður	12
Mánaðaryfirlit	12
	213
Hlutabréf	
Afkomuspár	38
Viðbrögð við afkomu	38
Verðmat fyrirtækja	11
Mánaðaryfirlit hlutabréfa	11
Sérarit	12
Kennitölur félaga	6
Hluthafalisti	50
	166

Hörpu í nóvember sl. var Þjóðhagur, ársrit deildarinnar, gefið út í heilu lagi á Umræðunni, umræðuvef Landsbankans. Um er að ræða fjórtán ítarlegar greinar um ólíka þætti efnahagslífsins á Íslandi og í heiminum öllum. Myndbönd með viðtölum við sérfræðinga Hagfræðideildar birtust einnig á Umræðunni, sem og á Facebook-síðu bankans.

Mikið er vitnað í hagfræðinga bankans og greiningar þeirra í fjölmiðlum. Auk þess fara þeir reglulega í fjölmiðlaviðtöl í samræmi við stefnu bankans um að



Ráðstefnur á árinu 2016

Hagspá 2016-2019
23. nóvember

Ábyrgar fjárfestingar
29. september

Aukin tækifæri á erlendum mörkuðum
31. mars

Mannvirkjagerð á Íslandi
(í samvinnu við SI)
3. mars

Loftslagsmál og Parísarsamkomulagið
25. febrúar

vera virkur þátttakandi í samfélaginu.

Ráðstefnur og fundir

Landsbankinn stendur á hverju ári fyrir fjölbreyttum ráðstefnum og fundum, auk þess sem bankinn gefur út ýmis sérrit og greiningar um efnahagsmál og atvinnulífið. Á árinu 2016 stóð bankinn fyrir fimm ráðstefnum: um aðgerðir gegn loftslagsbreytingum, um aukin tækifæri á erlendum mörkuðum, um stöðu mála í mannvirkjagerð á Íslandi

(í samstarfi við SI), um ábyrgar fjárfestingar og í lok árs stóð bankinn fyrir árlegri ráðstefnu þar sem Hagfræðideild Landsbankans kynnti nýja hagspá til næstu þriggja ára. Á þeirri ráðstefnu var einnig fjallað um hvað staða efnahagsmála á þeim tíma gæti þýtt fyrir þróun verðbréfa-markaðarins á næstu misserum.


Yfir eitt þúsund manns sóttu þessar ráðstefnur bankans sem hafa treyst sig í sessi sem mikilvægur vettvangur margra af helstu viðfangsefnum samtímans. Undir liðnum Ráðstefnur á umræðuvef Landsbankans

birtast upptökur, glærur og annað efni frá ráðstefnum sem bankinn heldur. Mikið er lagt upp úr því að hafa efnið á vefnum sem ítarlegast og aðgengilegast fyrir alla.

Að auki voru haldnir 14 minni fundir víða um land þar sem meðal annars var fjallað um sparnað, fjárfestingartækifæri á Íslandi, eignastýringu og erlendar fjárfestingar.



Fjármál og ársreikningur



Helstu atriði ársreiknings

„Grunnrekstur Landsbankans gekk vel á árinu, hreinar vaxta- og þóknunatekjur jukust töluvert frá fyrra ári, en á sama tíma hefur rekstrarkostnaður bankans lækkað. Markaðshlutdeild bankans á einstaklingsmarkaði hefur aldrei mælst hærri og staða bankans á fyrirtækjamarkaði og á fjármálamörkuðum er áfram sterk.“

- Hreiðar Bjarnason, starfandi bankastjóri Landsbankans. Úr fréttatilkynningu 9. febrúar 2017.


Rekstrarhagnaður Landsbankans eftir skatta nam 16,6 milljörðum króna á árinu 2016 samanborið við 36,5 milljarða króna á árinu 2015. Arðsemi eigin fjár var 6,6% samanborið við 14,8% arðsemi á árinu 2015. Eiginfjárlutfall bankans nam 30,2% í árslok 2016 samanborið við 30,4% eiginfjárlutfall í byrjun ársins.

Vaxtamunur bankans, hlutfall hreinna vaxtatekna af meðalstöðu efnahagsreiknings, hækkaði um 2,3 milljarða króna á milli ára. Á árinu 2016 var vaxtamunurinn 2,3% samanborið við 2,2% árið á undan.

Hreinar þjónustutekjur Landsbankans hækkuðu um 14% á milli ára. Kemur það einkum til vegna aukinna umsvifa í markaðsviðskiptum og eignastýringu, auk breytinga á kortamarkaði, sem skila auknum þjónustutekjum. Aðrar rekstrartekjur dragast saman um tæpa 9 milljarða króna á milli ára sem einkum skýrist af þróun á mörk-

Kennitölur	31.12.2016	31.12.2015
Hagnaður eftir skatta	16.643	36.460
Hreinar rekstrartekjur	48.217	72.363
Hreinar vaxtatekjur	34.650	32.324
Arðsemi eigin fjár fyrir skatta	9,9%	19,9%
Arðsemi eigin fjár eftir skatta	6,6%	14,8%
Eiginfjárlutfall (CAR)	30,2%	30,4%
Vaxtamunur eigna og skulda	2,3%	2,2%
Kostnaðarhlutfall*	48,4%	43,8%
Lausafjárlutfall LCR alls	128%	113%
Lausafjárlutfall LCR FX	743%	360%
Heildareignir	1.111.157	1.118.658
Útlán í hlutfalli við innlán viðskiptavina	144,7%	145,2%
Stöðugildi	1.012	1.063

* Kostnaðarhlutfall = Rekstrargjöld alls / (Hreinar rekstrartekjur - virðisbreytingar útlána)
Allar upphæðir eru í milljónum króna



uðum á árinu. Kostnaðarhlutfall hækkaði milli ára, er 48,4% árið 2016 samanborið við 43,8% árið 2015.

Efnahagsreikningur

Heildareignir bankans námu 1.111 milljörðum króna í árslok 2016 og lækkuðu þær um tæp 1% á árinu.


Helstu breytingar á eigna- hlið efnahags Landsbankans á árinu 2016 voru þær að útlán til viðskiptavina hækkuðu um 42 milljarða króna og skuldabréfa- eign bankans lækkaði um tæpa 49 milljarða króna.

Á skuldahlið voru þær breytingar helstar að innlán viðskiptavina jukust um tæpa 30,7 milljarða króna. Á árinu 2016 fyrirfram- greiddi Landsbankinn 61 milljarð króna inn á skuldabréf sem gefið var út til LBI hf. í október 2008.

Eigið fé bankans lækkar um 13,3 milljarða króna á milli ára, en lækkunina má rekja til 28,5 milljarða króna arðgreiðslu á árinu. Hagnaður bankans nam 16,6 milljörðum króna á árinu 2016.

Lausafjárstaða


Lausafjárstaða bankans bæði í íslenskum krónum og erlendri mynt er áfram mjög sterk. Lausa- fjáreignir námu tæpum 161 millj- örðum króna í lok árs 2016.



Eignir	31.12.2016	31.12.2015	Breyting 2016	
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	30.662	25.164	5.498	22%
Markaðsskuldabréf	154.892	203.684	-48.792	-24%
Hlutabréf	26.688	29.192	-2.504	-9%
Kröfur á lánastofnanir	20.408	20.791	-383	-2%
Útlán til viðskiptavina	853.417	811.549	41.868	5%
Aðrar eignir	17.641	16.323	1.318	8%
Eignir til sölu	7.449	11.955	-4.506	-38%
Samtals	1.111.157	1.118.658	-7.501	-1%

Skuldir og eigið fé	31.12.2016	31.12.2015	Breyting 2016	
Innlán frá fjármálaþyrftækjum	20.093	56.731	-36.638	-65%
Innlán frá viðskiptavinum	589.725	559.051	30.674	5%
Lántaka	223.944	209.344	14.600	7%
Aðrar skuldir	25.069	27.483	-2.414	-9%
Skuldir tengdar eignum til sölu	1.095	1.518	-423	-28%
Eigið fé	251.231	264.531	-13.300	-5%
Samtals	1.111.157	1.118.658	-7.501	-1%

Allar upphæðir eru í milljónum króna



Meginmælikvarði lausafjár-
áhættu til skamms tíma er lausa-
fjárþekja (e. liquidity coverage
ratio (LCR)) sem mælir hlutfall
hágæða lausafjáreigna af hreinu
heildarútlæði á næstu 30 dögum
miðað við álagsaðstæður.

Lausafjárþekja var 128% í lok árs
2016 en Seðlabankinn gerir kröfu
um að hlutfallið sé að lágmarki
90%. Lausafjárþekja erlendra
mynta var á sama tíma 743% en
Seðlabankinn gerir kröfu um að
það hlutfall sé að lágmarki 100%.

Útlán til viðskiptavina námu
853 milljörðum króna í lok árs
2016 samanborið við tæpa 812
milljarða króna í byrjun ársins
og hækkðu þau um 42 milljarða
króna á árinu.


Á árinu 2016 námu ný útlán 267
milljörðum króna. Heildarútlán
lækkðu um 25 milljarða króna
vegna gengisáhrifa, verðbóta
og virðisaukningar. Afborganir
viðskiptavina á árinu námu 197
milljörðum króna.

Heildareignir bankans lækkðu
um 7,5 milljarða króna á árinu.



Lausafjáreignir	31.12.2016	31.12.2015	Breyting 2016	
Lausafé hjá seðlabönkum	18.819	25.024	-6.205	-25%
Lán til fjármálastofnana (styttri en 7 dagar)	16.732	16.342	390	2%
Skuldabréf hæf til endurhverfra viðskipta	125.159	167.463	-42.304	-25%
Lausafjáreignir samtals	160.710	208.829	-48.119	-23%

Allar upphæðir eru í milljónum króna





Innlán viðskiptavina, að fjármálafyrirtækjum frátöldum, jukust um 5,5% á árinu 2016, eða um 30,7 milljarða króna. Innlán frá fjármálafyrirtækjum lækkuðu um 36,6 milljarða króna á árinu og er lækkunin fyrst og fremst vegna gjaldeyrisútboðs Seðla-banka Íslands í júní 2016.

Hreiðar Bjarnason, starfandi bankastjóri

„Markaðshlutdeild bankans á einstaklingsmarkaði hefur aldrei mælst hærrí og staða bankans á fyrirtækjamarkaði og á fjármálamörkuðu er áfram sterk. Þá sýna mælingar að ánægja viðskiptavina bankans jókst umtalsvert á árinu sem er okkur afar mikilvægt, enda leggur bankinn mikla áherslu á að veita viðskiptavinum sínum um allt land fyrirmyndarþjónustu á samkeppnishæfum kjörum.“

Landsbankinn hefur verið með lánshæfismat frá alþjóðlega lánshæfismatsfyrirtækinu Standard & Poor's frá ársbyrjun 2014. Í október 2016 var lánshæfiseinkunn bankans hækkuð um eitt þrep og er nú BBB/A-2 með jákvæðum horfum.



Í september 2016 gaf Landsbankinn út óveðtryggt skuldabréf að fjárhæð 500 milljónir evra. Skuldabréfin eru á gjalddaga í mars 2021, bera fasta 1,625% vexti og voru seld á kjörum sem


jafngilda 190 punkta álagi ofan á millibankavexti í evrum.

Í nóvember 2016 gaf bankinn út óveðtryggt skuldabréf að fjárhæð 1 milljarður sænskra

króna. Skuldabréfin eru til fjögurra ára og bera annars vegar fasta 1,375% vexti og hinsvegar breytilega vexti með 1,5% vaxta-álagi ofan á millibankavexti í sænskum krónum. Skuldabréfin eru gefin út innan 1.500 milljóna evra ramma bankans um skulda-bréfaútgáfu til meðallangs tíma (e. Euro Medium Term Note (EMTN) Programme) og eru skráð í írsku kauphöllina.

Rekstarhagnaður bankans eftir skatta á árinu 2016 nam 16,6 milljörðum króna samanborið við 36,5 milljarða króna árið 2015. Á árinu 2016 nam virðis-rýrnun útlána 318 milljónum króna en á árinu 2016 dæmdi Hæstiréttur bankanum í óhag í þremur málum er reyna á kröfu um leiðréttingu á fyrri endurútreikningi gengistryggðra lána í samræmi við dóma Hæstaréttar í málum nr. 600/2011 og 464/2012.

Hæstiréttur taldi að áhrif við-bótarkröfu væru það veruleg að bankinn yrði að bera þann vaxtamun sem deilt var um í málunum og leiddi af því að um-



rædd lán voru bundin ólögmaetri gengistryggingu.


Þessir dómar kunna að hafa fordæmisgildi fyrir önnur gengis-

tryggð lán til fyrirtækja, séu að-stæður sambærilegar, en frekari dóma sem skýra nánar fordæmis-gildið er þörf. Því gæti matið á fjárhagslegum áhrifum dómanna

breyst í samræmi við niðurstöður nýrra dóma. Þessir dómar höfðu í för með sér gjaldfærslu í rekstrarreikning samstæðunnar í lok fjórða ársfjórðungs 2016 að fjárhæð 5.435 milljónir.

Hreinar vaxtatekjur námu 34,7 milljörðum króna á árinu 2016 samanborið við 32,3 milljarða króna árið 2015. Vaxtamunur sem hlutfall af meðalstöðu heildareigna og heildarskulda var 2,3% á árinu 2016 og hækkar um 0,1% á milli ára.

Virðisbreytingar útlána hafa á undanförmum árum valdið miklum sveiflum á rekstrarafkomu bankans. Á árinu 2016 voru 5,4 milljarðar færðir til gjalda í kjölfar niðurstöðu Hæstaréttar. Virðisbreytingar útlána námu 318 milljónum króna samanborið við virðisaukningu upp á 18 milljarða króna árið 2015. Hreinar þjónustutekjur námu 7,8 milljörðum króna á árinu 2016, sem er hækkun um 1 milljarð á milli ára. Sú hækkun skýrist að langstærstum hluta af breytingum á kortamarkaði og auknum umsvifum í markaðsviðskiptum.



Rekstrarreikningur	2016	2015	Breyting 2016
Hreinar vaxtatekjur	34.650	32.324	2.326 7%
Virðisbreyting	-318	18.216	-18.534 -102%
Hreinar vaxtatekjur eftir virðisbreytingu	34.332	50.540	-16.208 -32%
Hreinar þjónustutekjur	7.809	6.841	968 14%
Gjaldeyrisingismunur	-179	-1.277	1.098 -86%
Aðrar rekstrartekjur	6.255	16.259	-10.004 -62%
Afkoma fyrir rekstrarkostnað	48.217	72.363	-24.146 -33%
Laun og launatengd gjöld	14.049	13.754	295 2%
Önnur rekstrargjöld	7.586	8.061	-475 -6%
Afskriftir rekstrarfjármuna	611	663	-52 -8%
Tryggingasjóður innstæðueigenda	1.268	1.254	14 1%
Rekstrarkostnaður	23.514	23.732	-218 -1%
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélagi, að fráðregnum skatti	483	248	235 95%
Hagnaður fyrir skatta	25.186	48.879	-23.693 -48%
Tekju- og bankaskattur	-8.543	-12.419	3.876 -31%
Hagnaður ársins	16.643	36.460	-19.817 -54%



Allar upphæðir eru í milljónum króna

Aðrar rekstrartekjur námu 6 milljörðum króna á árinu 2016 samanborið við 14,9 milljarða króna árið 2015, sem er lækkun um 59% á milli ára. Lækkunina má rekja til þróunar á mörkuðum á árinu.

Hreiðar Bjarnason, starfandi bankastjóri

„Standard & Poor's hækkaði láns-hæfismat Landsbankans annað árið í röð, upp í BBB og er matið áfram með jákvæðar horfur. Þetta er ánægjuleg viðurkenning á því frábæra starfi sem unnið hefur verið í bankanum mörg undan-farin ár.“

Rekstrarkostnaður ársins 2016 var 23,5 milljarðar króna, en það er lækkun frá árinu 2015, þegar rekstrarkostnaðurinn var 23,7 milljarðar króna. Launakostnaður hækkaði um tæpar 295 milljónir króna á milli ára og annar rekstrarkostnaður lækkaði um 513 milljónir. Kostnaðarhlutfallið fyrir árið reiknast 48,4%. Kostnaðarhlutfallið sýnir hlutfall rekstrargjalda bankans á móti hreinum rekstrartekjum, að undanskildum virðisbreytingum



útlána. Stöðugildum í samstæðu bankans fækkaði um 51 á árinu 2016, úr 1.063 í 1.012.

Fjármögnun


Fjármögnun Landsbankans byggis á þremur meginstoðum - innlánnum frá viðskiptavinum, fjármögnun á markaði og eigin fé. Í október 2016 hækkaði alþjóðlega láns hæfismatsfyrirtækið Standard & Poor's láns hæfiseinkunn Landsbankans í BBB/A-2 með jákvæðum horfum.


Innlán frá viðskiptavinum

Stærstur hluti fjármögnunar Landsbankans er í formi innlána frá viðskiptavinum og námu þau 590 milljörðum króna í lok árs 2016, að mestu leyti óverðtryggð og óbundin. Innlán frá viðskiptavinum jukust um 31 milljarða króna á árinu þrátt fyrir útflæði innlána sem flokkast til aflandskrónueigna í tengslum við losun fjármagnshafta á árinu 2016. Verðtryggð innlán námu 102 milljörðum króna í árslok 2016 og lækkuðu þau um tvo milljarða króna milli ára.

Útgáfa skuldabréfa á erlendum markaði

Landsbankinn hélt áfram að gefa út skuldabréf á erlendum markaði undir EMTN-ramma. Á árinu gaf bankinn út skuldabréf til fjögurra og hálfs ára að fjárhæð 500 milljónir evra, skuldabréf til fjögurra ára að fjárhæð 1.000 milljónir sænskra króna, auk þess að stækka þegar útgefna skuldabréfaflokka að fjárhæð 250 milljónir norskra króna og 100 milljónir sænskra króna. Útgáfurnar voru að mestu leyti nýttar til fyrirframgreiðslu á skuldabréfum útgefnum til LBI





hf. Landsbankinn var auk þess reglulegur útgefandi víxla og sértryggðra skuldabréfa á innlendum skuldabréfamarkaði.

EMTN-skuldabréfarammi

Landsbankinn hefur sett upp EMTN-ramma að fjárhæð 1,5 milljarðar evra til útgáfu skuldabréfa á erlendum markaði. Fyrstu skref í útgáfum undir ramm-anum voru tekin haustið 2015 og var útgáfu erlendis haldið áfram á árinu 2016. Landsbankinn gaf

út skuldabréf til fjögurra og hálfs ára að fjárhæð 500 milljónir evra í september 2016 og til fjögurra ára að fjárhæð 1.000 milljónir sænskra króna í nóvember 2016. Auk þess stækkaði Landsbankinn þegar útgefna flokka í apríl með útgáfu að fjárhæð 250 milljónir norskra króna og 100 milljónir sænskra króna. Landsbankinn nýtti afrakstur skuldabréfaútgáfunnar fyrst og fremst til fyrirframgreiðslu á skuldabréfum útgefnum til LBI hf. Erlendar skuldabréfaútgáfur undir ramm-anum vega nú þýngst í lántökum bankans.

Skuldabréfaútgáfa til LBI hf.

Samið var um skuldabréfaútgáfu bankans til LBI hf. við tilfærslu eigna og skulda frá LBI hf. til Landsbankans árið 2009. Á árinu 2016 voru skuldabréf í evrum greidd upp að fullu auk þess sem skuldabréf í Bandaríkjadöllum voru fyrirframgreidd að hluta. Skuldabréf útgefin til LBI hf. námu samtals 441 milljón Banda-ríkjadala í lok árs 2016 og eru á gjalddaga árin 2020 og 2024.

Lánshæfismat Standard & Poor's

Flokkur	Samtals
Langtíma	BBB
Skammtíma	A-2
Horfur	Jákvæðar
Útgáfudagur	Október 2016

Eiginfjárlutfall

30,2%

Lánshæfismat

Landsbankinn hefur verið með lánshæfismat frá alþjóðlega lánshæfismatsfyrirtækinu Standard & Poor's frá ársbyrjun 2014. Í október 2016 var lánshæfiseinkunn bankans hækkuð um eitt þrep og er nú BBB/A-2 með jákvæðum horfum.

Sértryggð skuldabréf

Landsbankinn hefur sett upp 100 milljarða króna útgáfuramma fyrir sértryggð skuldabréf. Er útgáfa þeirra fyrst og fremst hugsuð sem fjármögnun fyrir íbúðalán bankans og til að draga úr fastvaxtaáhættu. Regluleg útböð sértryggðra skuldabréfa voru

haldin á árinu 2016 og voru tveir nýir flokkar gefnir út á árinu; óverðtryggður flokkur til fimm ára og verðtryggður flokkur til tólf ára, auk þess sem einn eldri flokkur var á gjalddaga. Gerðir voru nýir samningar um viðskiptavakt á eftirmarkaði með sértryggð skuldabréf útgefin af bankanum þar sem viðskiptavökum var fjölgað í þrjá og fjárhæð tilboða hækkuð frá því sem áður var

Víxlar

Landsbankinn setti upp víxla- og skuldabréfaramma að fjárhæð 30 milljarðar króna í maí 2015. Landsbankinn gaf reglulega út víxla á innlendum skuldabréfamaðkaði á árinu 2016.

Hlutfé

Þriðja meginstoð fjármögnunar Landsbankans er hlutfé. Eigið fé bankans nam 251 milljörðum króna í lok desember 2016 og lækkaði um 13 milljarða króna á árinu, aðallega vegna 28 milljarða króna arðgreiðslu til hluthafa á árinu 2016. Bankinn nýtti auk þess heimild til kaupa á eigin hlutum og bauð hluthöfum að kaupa til baka sem nemur allt að 2% útgefins hlutafjár. Á árinu 2016 nýttu 0,6% eigenda hlutafjár sér endurkaupatilboðið. Eiginfjárlutfall Landsbankans í árslok 2016 var 30,2%.

Áhættustjórnun

Árangursrík áhættustjórnun er lykilþáttur í langtíma-
arðsemi og stöðugleika Landsbankans. Á árinu 2016 var
áfram unnið að eflingu áhættustjórnunar Landsbankans
með umbótum á innri ferlum, greiningu, mælingu og
stýringu helstu áhættuþátta í rekstri bankans.

Mjög dró úr eiginfjárbörf Landsbankans á árinu 2016, m.a. vegna aukinna útlánagæða. Útlána-áhætta var vel innan áhættuvilja bankans á liðnu ári. Bókfært virði útlána bankans jókst um 42 milljarða króna árið 2016, mest vegna lána til bygginga- og fasteignafélaga og íbúðalána til einstaklinga. Verulega dró úr gjaldeyrisáhættu í takt við stefnu bankans. Lausafjárstaða bankans er sem fyrr góð.

Áhættuþættir í rekstri bankans eru metnir með nokkrum mælistikum eftir mismunandi eðli þeirra. Þær mælistikur eru m.a. nýttar við setningu áhættu-marka, greiningu áhættuþátta og breytinga á þeim, miðlun upplýsinga og stjórnun áhættu. Sam-eiginleg mæling allra áhættu-

þátta er mat á eiginfjárbörf (e. economic capital).

Innra mat bankans á eiginfjárbörf vegna útlánaáhættu (útlán og kröfur á viðskiptavini og fjármálafyrirtæki) lækkaði um 15% á árinu. Mest eru áhrifin vegna uppfærðs mats á tapi á gefnum vanefndum (e. loss-given default), innleiðing nýs lánshæfismatslíkans fyrir stærri fyrirtæki og aukin gæði útlánasafnsins með tilliti til lækkandi meðallíkinda á vanefndum, en þau lækkuðu úr 3,4% í 2,5%. Eiginfjárbörf vegna annarra áhættuþátta fór einnig almennt lækkandi á árinu og í lok árs 2016 var matið 12% lægra en árið áður. Áhættuvegnar eignir (e. risk-weighted assets (RWA)) lækkuðu einnig lítillega og var hlutfall eiginfjárparfar og

áhættuveginna eigna 11,8% um sl. áramót samanborið við 13,0% í árslok 2015.

Landsbankinn vinnur að því að uppfylla staðla EBA (European Banking Authority) um notkun innramatsaðferðar (e. internal ratings-based approach (IRB)) við mat á eiginfjárbörf vegna útlánaáhættu bankans, en slíkt mat hefur áhrif á hlutfall eiginfjár fjármálafyrirtækis og þar með á fjárhagslegan styrk þess. Notkun innramatsaðferðar við mat á eiginfjárbörf er háð sérstakri heimild Fjármálaeftirlitsins (FME) og ítarlegri úttekt á kerfum og ferlum Landsbankans. Bankinn hefur óskað eftir leyfi FME til að nota IRB-aðferð og unnið er að innleiðingu nýrra krafna EBA í samstarfi við FME.

Veiti FME samþykki sitt mun það gera Landsbankanum kleift að nota innramatsaðferð við mat á eiginfjárförf vegna útlána-áhættu. Heimildin er aðeins veitt fjármálafyrirtækjum sem uppfylla viðamikil skilyrði um trausta stjórnun og heildstætt mat á útlánaáhættu

Heildar markaðsáhætta Landsbankans hækkaði lítillega á árinu en verulega dró úr gjaldeyrisáhættu í takt við stefnu bankans um að draga úr opinni gjaldeyrisstöðu. Lausafjárstaða bankans er góð og lausafjárlutföll eru vel umfram áhættuvilja og kröfur Seðlabankans. Heildarlausafjárþekja bankans var 128% í árslok og 743% í erlendum gjaldmiðlum.

Skýr og skilvirk heimild einstakra aðila til ákvarðanatöku, stýrð áhættutaka og eftirlit bankaráðs, bankastjóra og einstakra nefnda bankans eru hornsteinar áhættustjórnunar Landsbankans.

Umgjörð áhættustjórnunar


Bankinn hefur sett sér ítarlegar áhættureglur og byggt upp stjórnskipulag sem tryggir skýra

ábyrgð og eftirfylgni við áhættustjórnun.

Mæling áhættuvilja og áhættumarka stærstu áhættubátta í rekstri eru hluti af daglegri stjórnun bankans. Þetta hefur nýst vel sem stjórnæki til að auka gæði eignasafns, bæta samsetningu þess og draga úr áhættu. Áhættuvilji tekur ekki einungis til áhættumarka heldur felur jafnframt í sér leiðbeiningar um viðhorf til áhættu í rekstri

sem starfsmenn bankans þurfa að tileinka sér.

Áhættumörk bankans eru ávallt í samræmi við ytri lög eða reglur, ef þeim er til að dreifa, en bankinn skilgreinir einnig sjálfur fjölmörg áhættumörk sem ekki eru bundin í lög eða reglugerðir. Landsbankinn hefur sett sér markmið um fjárhagsstöðu, gæði eigna, stöðutöku og ásættanlega arðsemi til lengri tíma. Til að ná markmiðum sínum tekur bank-



inn aðeins þá áhættu sem hann skilur, getur metið og mætt.

Við ákvörðun áhættuvilja eru samhliða sett áhættumörk fyrir helstu þætti tengda útlána-, markaðs-, lausafjár-, fjármögnunar- og rekstraráhættu, en þau eru misítarleg eftir eiginleikum og breytileika þeirra. Áfram er stefnt að því að halda áhættu stöðugri í efnahagsreikningi bankans.

Nánar um áhættustjórnun

Landsbankinn hefur undanfarin ár gefið út áhættuskýrslu sem uppfyllir upplýsingaskyldu samkvæmt þriðju stoð Basel II. Í skýrslunni er gerð ítarleg grein fyrir öllum þáttum áhættustýringar bankans og þeim aðferðum sem beitt er við mat á áhættu.

Áhættuskýrslunni er ætlað að gefa glögga mynd af stöðu bankans og veitir hún m.a. lykilupplýsingar varðandi umfang, áhættuskuldbindingar, áhættumatsferli, eiginfjárstöðu og aðra mikilvæga þætti á þessu sviði.

Yfirlit mælinga á áhættuvilja Landsbankans

Áhættuþáttur	Mæling
Útlánaáhætta	Vænt tap
	Meðallíkur á vanefndum
	Tap að gefnum vanefndum
	Geirasamþjöppun
	Lántakasamþjöppun
Markaðsáhætta	Hlutabréf
	Skuldabréf
	Gjaldeyrir
	Vaxta- og verðtryggingaráhætta utan veltubókar
	Verðtryggingaráhætta
Lausafjárahætta	Lausafjárþekja - alls
	Lausafjárþekja - gjaldeyrir
Rekstraráhætta	Umfang rekstrar - Raunbreyting áhættugrunns
Fjármögnunaráhætta	Fjármögnunarþekja
	Eiginfjárviðmið

